

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2022, mánudaginn 28. nóvember kl. 13:00 var haldinn 325. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn á Bæjarhálsi 1, og um fjarfundabúnað.

Fundarfólk: Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon, Eyþór Laxdal Arnalds, Vala Valtýsdóttir, Kjartan Magnússon, Valgarður Lyngdal Jónsson og Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir. Valgarður og Halldóra Lóa tóku þátt um fjarfundabúnað.

Einnig tók Bjarni Bjarnason, forstjóri þátt í fundinum.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Fundargerð SF 324 lögð fram og samþykkt. Fundargerðin verður send til rafrænnar undirritunar stjórnar.
2. Klukkan 13:10 mættu til fundarins Benedikt Kjartan Magnússon, framkvæmdastjóri fjármála og Bjarni Freyr Bjarnason, aðstoðarmaður framkvæmdastjóra. Lagður var fram árschlutareikningur vegna fyrstu níu mánaða ársins. Umræður.

Kjartan Magnússon mætti til fundarins kl 13:15.

Árschlutareikningurinn borinn upp og samþykktur samhljóða.

Benedikt gerði grein fyrir umfjöllun um félagsform Orkuveitu Reykjavíkur. Ákveðið að kynna málið á eigendafundi, sem fyrirhugaður er 2. desember nk.

Áhættuskýrsla, dags. 18.11.2022, lögð fram.

3. Lögð fram starfsskýrsla endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar fyrir starfsárið 2022-2023.
Umræður.
4. Lögð fram drög að starfsáætlun stjórnar fyrir árið 2023.
Umræður.
5. Guðrún Erla Jónsdóttir, stefnustjóri lagði fram skýrslu um framfylgd eigendastefnu 2022, sem lögð verður fyrir eigendur Orkuveitu Reykjavíkur á eigendafundi sem fyrirhugaður er 2. desember nk.
Skýrslan samþykkt samhljóða.
6. Lagt fram minnisblað um stöðu umhverfismælikvarða, dags. 24.11.2022 og um stöðu auðlinda og forðagæslu, dags. 24.11.2022.
7. Lögð fram tillaga Eyþórs Laxdal Arnalds og Kjartans Magnússonar frá fundi SF 324 um að Árbæjarlónið verði fyllt að nýju.
Lagt fram minnisblað Elínar Smáradóttur, dags. 21. nóvember 2022.
Umræður.

Eiríkur Hjálmarsson mætti til fundarins kl 14:30 og gerði grein fyrir vinnu að niðurlagningaráætlun Elliðaárstöðvar.

Tillagan borin upp og felld. Kjartan Magnússon og Eyþór Arnalds greiða atkvæði með tillögunni en Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon og Vala Valtýsdóttir á móti.

Valgarður Lyngdal situr hjá. Ákveðið var að mynda stýrihóp um niðurlagningaráætlun Elliðaárstöðvar með fulltrúum Orkuveitu Reykjavíkur, umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar og íbúaráða Árbæjar og Norðlingaholts og Breiðholts.

Kjartan Magnússon og Eyþór Arnalds óska bókað:

Tæming Árbæjarlóns var gerð án framkvæmdaleyfis og braut gegn gildandi deiliskipulagi Elliðaárdalsins. Mikil óánægja hefur verið vegna þessa og því að Orkuveitan tæmdi lónið án samráðs við íbúa og þvert á gildandi skipulag. Þetta var gert þó ekki lagi fyrir áætlun um niðurlagningu mannvirkja eins og ber að gera lögum samkvæmt samanber 79. grein gildandi vatnalaga. Með öðrum orðum; farið var í að tæma lónið án þess að samþykkt áætlun lægi fyrir eða framkvæmdaleyfi aflað. Niðurstaða úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála kallar á viðbrögð og stórbætt vinnubrögð enda ber Orkuveitunni að fara eftir lögum og gildandi skipulagi.

8. Klukkan 15:30 mættu Hera Grímsdóttir, framkvæmdastýra Rannsóknar og nýsköpunar og Vala Hjörleifsdóttir, forstöðukona Nýsköpunar og framtíðarsýnar til fundarins. Þær lögðu fram og kynntu minnisblað um samantekt á nýtingu orkukosta og auðlinda. Umræður. Óskað upplýsinga um djúpbörunarverkefni.
9. Klukkan 15:55 mættu til fundarins Sólrún Kristjánsdóttir og Hrefna Hallgrímsdóttir. Þær kynntu ásamt Völu Hjörleifsdóttur áskoranir hitaveitunnar. Umræður.
10. Sjálfbærnimat Reitunar á samstæðu OR. Frestað.
11. Lagðar fram til upplýsinga, fundargerðir og minnisblöð framkvæmdastjóra dótturfélaga Orkuveitu Reykjavíkur.

Minnisblað framkvæmdastýru Orku náttúrunnar ohf. dags. 16.10.2022

Fundargerðir stjórnarfundar Orku náttúrunnar ohf. dags. 19.10.2022 og 21.10.2022

Minnisblað framkvæmdastýru Carbfix ohf. dags. 21.11.2022

Fundargerð stjórnarfundar Carbfix ohf. dags. 26.10.2022

Minnisblað framkvæmdastjórnar Veitna ohf. dags. 14.11.2022

Fundargerðir stjórnarfundar Veitna ohf. dags. 29.10.2022 og 26.10.2022

12. Klukkan 16:40 mættu Erling Freyr Guðmundsson, framkvæmdastjóri Ljósleiðarans, Birna Bragadóttir, stjórnarformaður Ljósleiðarans og Benedikt Kjartan Magnússon, framkvæmdastjóri fjármála til fundarins og kynntu stöðu og horfur hjá Ljósleiðaranum.

[Bókun tekin út vegna trúnaðar.]

13. Forstjóri lagði fram skýrslu sína um starfsemina á milli stjórnarfundar, dags. 24.11.2022. Umræður.
14. Önnur mál.

Umboð til forstjóra til að boða reglulegan eigendafund 2. desember, sem samþykkt var á milli fundar, staðfest.

Kjartan Magnússon og Eyþór Laxdal Arnalds leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

6. apríl 2020 varð bilun í jarðstreng við Safamýri, sem leiddi til tímabundins rafmagnsleysis við götuna. Þegar bráðabirgðaviðgerð fór fram var tengikassi settur upp á bifreiðastæði við inngang Safamýrar 40 og íbúum tjáð að hann yrði þar aðeins um skamma hríð eða þar til fullnaðarviðgerð hefði farið fram. Tengikassinn er enn á bílastæðinu, rúmlega tveimur og hálfu ári eftir að bilunin varð. Spurt er:

- 1. Er fullnaðarviðgerð vegna umræddrar bilunar lokið?*
- 2. Ef fullnaðarviðgerð er ekki lokið, hvenær mun henni ljúka?*
- 3. Ef fullnaðarviðgerð er lokið, hvenær verður umræddur tengikassi fjarlægður af bílastæðinu?*

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 17:30.

Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 19. desember 2022.

Brynhildur Davíðsdóttir,
Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Eyþór Laxdal Arndals, Kjartan Magnússon,
Valgarður Lyngdal Jónsson, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir.

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2022, mánudaginn 31. október kl. 13:00 var haldinn 324. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn á Bæjarhálsi 1, og um fjarfundabúnað.

Fundarfólk: Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon, Eyþór Laxdal Arnalds, Vala Valtýsdóttir, Kjartan Magnússon, Valgarður Lyngdal Jónsson, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir og Unnur Líndal, áheyrnarfulltrúi starfsfólks. Valgarður tók þátt um fjarfundabúnað.

Einnig tók Bjarni Bjarnason, forstjóri þátt í fundinum.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Fundargerðir SF 322 og SF 323 lagðar fram og samþykktar. Fundargerðirnar verða sendar til rafrænnar undirritunar stjórnar.
2. Klukkan 13:10 mætti Benedikt Kjartan Magnússon, og kynntu stöðu fjármögnunar.

Lögð fram svohljóðandi tillaga varðandi skilamálabreytingu á lánasamningi OR og Evrópska fjárfestingabankans. Tillögunni fylgir greinargerð.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) samþykkir skilmálabreytingar á lánasamningi OR og Evrópska fjárfestingabankans (EIB) nr. 85.062 að fjárhæð EUR 70 milljónum, dags. 14. desember 2016.

Tillagan samþykkt með atkvæðum Brynhildar Davíðsdóttur, Gylfa Magnússonar, Völu Valtýsdóttur og Valgarðs Lyngdal, með fyrirvara um samþykki eigenda. Eyþór Laxdal Arnalds og Kjartan Magnússon sitja hjá og óska bókað:

Hér er verið að breyta skilmálum á láni að fjárhæð 70 m EUR eða um 10 milljarða króna og verið að heimila frekari skuldsetningu í samstæðu OR. Lánið er með eigendaábyrgð, en Reykjavíkurborg er í ábyrgð fyrir 66,6 milljörðum króna sem er gríðarlega há fjárhæð.

Áhættuskýrsla, dags. 26.10.2022, lögð fram.

3. Klukkan 13:30 mætti til fundarins Þorsteinn Gunnarsson, borgarritari, ásamt Helgu Hlín Hákonardóttur, ráðgjafa, Halldóru Káradóttur, fjármálastjóra FAS og Herði Hilmarssyni, skrifstofustjóra FAS. Þau lögðu fram og kynntu eigendastefnu Reykjavíkurborgar ásamt erindi borgarritara, dags. 2.07.2022.
4. Klukkan 14:50 mætti Guðrún Erla Jónsdóttir, stefnustjóri til fundarins og greindi frá forgangsverkefnum stjórnar frá árinu 2019. Guðrún lagði fram drög að skýrslu um framfylgd eigendastefnu 2022, sem lögð verður fyrir eigendur Orkuveitu Reykjavíkur á eigendafundi í nóvember.
Umræður.
5. Klukkan 15:15 mættu til fundarins Magnús Már Einarsson, forstöðumaður Aðbúnaðar og Grettir Adolf Haraldsson, verkefnisstjóri og kynntu stöðu framkvæmda í Vesturhúsi á Bæjarhálsi 1.
Umræður.
6. Lagt fram minnisblað um stöðu umhverfismælikvarða, dags. 27.10.2022.



Samandreginn árshlutareikningur

1. janúar til 30. september 2022

Orkuveita Reykjavíkur – samstæða

Kt. 551298-3029

Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík

Efnisyfirlit


Mælikvarðar og umfang þjónustu	3
Yfirlit stjórnenda	4
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	5
Rekstrarreikningur	6
Yfirlit um heildarafkomu	7
Efnahagsreikningur	8
Eiginfjáryfirlit	9
Sjóðstreymisyfirlit	10
Skýringar	11

Orkuveita Reykjavíkur leggur sérstaka áherslu á þessi
Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í starfseminni




Mælikvarðar


Eiginfjárlutfall




Arðsemi heildareigna




Nettó skuldir / handbært fé frá rekstri



Veltufjárlutfall án álafleiðu



Þjónustan



Yfirlit stjórnenda

Rekstrarár	2022	2021	2020	2019	2018
	1.1.-30.9.	1.1.-30.9.	1.1.-30.9.	1.1.-30.9.	1.1.-30.9.
<i>Fjárhæðir eru á verðlagi hvers árs í milljónum kr.</i>					
Rekstrartekjur	41.050	37.663	35.045	33.578	33.459
Rekstrarkostnaður	(15.516) (13.339) (14.206) (13.570) (12.540)
þ.a. orkukaup og flutningur	(4.884) (4.174) (4.181) (4.163) (4.404)
EBITDA	25.533	24.325	20.839	20.008	20.919
Afskriftir	(10.449) (9.966) (9.606) (8.900) (6.965)
Rekstrarhagnaður EBIT	15.084	14.359	11.233	11.108	13.954
Sjóðstreymi					
Innleystar vaxtatekjur	64	109	240	266	151
Greidd vaxtagjöld	(6.016) (3.174) (3.724) (3.791) (2.977)
Handbært fé frá rekstri	19.271	21.832	19.416	19.449	17.217
Veltufé frá rekstri	19.602	18.798	15.727	14.275	16.830
Lausafé					
Bundnar innstæður og markaðsverðbréf	13.962	13.195	12.798	7.750	6.278
Handbært fé	7.499	17.998	11.549	13.221	13.667
Óádragnar lánalínur	7.570	10.198	8.600	11.900	9.000
Lausafé samtals	29.031	41.391	32.947	32.872	28.945

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Orkuveita Reykjavíkur er sameignarfyrtæki sem starfar á grundvelli laga nr. 136/2013 um Orkuveitu Reykjavíkur. Lögbundið hlutverk OR er að stunda vinnslu, framleiðslu og sölu raforku og heits vatns og gufu og rekstur grunnkerfa, svo sem dreifiveitu rafmagns, hitaveitu, vatnsveitu, fráveitu og ljósleiðarakerfi, auk annarrar starfsemi sem hefur sambærilega stöðu. Einnig þá starfsemi aðra sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað fyrirtækjanna, sem og iðnþróun og nýsköpun, enda tengist hún kjarnastarfsemi fyrirtækisins.

Árshlutareikningur Orkuveitu Reykjavíkur fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2022 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal *IAS 34 um árshlutareikninga*. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samandreginn samstæðureikning OR og dótturfélaga. Árshlutareikningur þessi er ekki kannaður af endurskoðanda fyrirtækisins.

Hagnaður af rekstri samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2022 nam 4.744 milljónum kr. (1.1.-30.9.2021: hagnaður að fjárhæð 10.918 milljónir kr.). Heildarafkoma samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2022 nam 11.324 milljónum kr. (1.1.-30.9.2021: 12.245 milljónir kr.). Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 425.663 milljónum kr. í lok tímabilsins (31.12.2021: 413.882 milljónir kr.). Eigið fé nam 220.977 milljónum kr. í lok tímabilsins (31.12.2021: 213.653 milljónir kr.) og er eiginfjárlutfall samstæðunnar 51,9% (31.12.2021: 51,6%).

Í upphafi ársins sem og í lok tímabilsins voru eigendur móðurfyrirtækisins þrír, en þeir eru:	Eignarhluti
Reykjavíkurborg	93,539%
Akraneskaupstaður	5,528%
Borgarbyggð	0,933%

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur er samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal *IAS 34 um árshlutareikninga*. Að álitum stjórnar og forstjóra gefur árshlutareikningurinn glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 30. september 2022 ásamt rekstrarafkomu hennar sem og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2022.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur og forstjóri staðfesta hér með árshlutareikning samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2022.

Reykjavík, 28. nóvember 2022.

Í stjórn fyrirtækisins:

Forstjóri:

Rekstrarreikningur

1. janúar til 30. september 2022

	Skýr.	2022 1.7.-30.9.	2021 1.7.-30.9.	2022 1.1.-30.9.	2021 1.1.-30.9.
Rekstrartekjur		12.415.483	11.640.616	41.019.655	37.640.209
Söluhagnaður		12.535	(192)	29.859	23.119
Rekstrartekjur samtals	4	<u>12.428.018</u>	<u>11.640.424</u>	<u>41.049.514</u>	<u>37.663.328</u>
Orku kaup og flutningur		(1.378.541)	(1.222.317)	(4.883.692)	(4.173.673)
Laun og launatengd gjöld		(1.752.367)	(1.625.072)	(5.863.955)	(5.583.078)
Annar rekstrarkostnaður		(1.669.828)	(1.345.181)	(4.768.741)	(3.581.870)
Rekstrarkostnaður samtals		<u>(4.800.735)</u>	<u>(4.192.570)</u>	<u>(15.516.388)</u>	<u>(13.338.621)</u>
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)		<u>7.627.283</u>	<u>7.447.854</u>	<u>25.533.125</u>	<u>24.324.707</u>
Afskriftir		(3.653.115)	(3.311.052)	(10.448.639)	(9.966.181)
Rekstrarhagnaður (EBIT)		<u>3.974.167</u>	<u>4.136.802</u>	<u>15.084.486</u>	<u>14.358.526</u>
Vaxtatekjur		49.995	27.084	117.171	114.341
Vaxtagjöld		(3.927.708)	(1.889.921)	(10.489.628)	(6.121.458)
Aðrar tekjur (gjöld) af fjáreignum og fjárskuldum		(1.007.226)	810.953	581.781	7.217.263
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	6	<u>(4.884.939)</u>	<u>(1.051.884)</u>	<u>(9.790.676)</u>	<u>1.210.147</u>
Áhrif hlutdeildarféлага		1.887	0	(3.159)	(3.967)
Hagnaður fyrir tekjuskatt		<u>(908.884)</u>	<u>3.084.919</u>	<u>5.290.651</u>	<u>15.564.707</u>
Tekjuskattur		678.893	(997.234)	(546.671)	(4.647.163)
(Tap) hagnaður tímabilsins		<u>(229.992)</u>	<u>2.087.684</u>	<u>4.743.979</u>	<u>10.917.544</u>

Skýringar á bls. 11-20 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

Yfirlit um heildarafkoma

1. janúar til 30. september 2022

	2022 1.7.-30.9.	2021 1.7.-30.9.	2022 1.1.-30.9.	2021 1.1.-30.9.
(Tap) hagnaður tímabilsins	(229.992)	2.087.684	4.743.979	10.917.544
Önnur heildarafkoma				
Liðir færðir beint á eigið fé sem munu ekki vera færðir síðar í rekstrarreikning				
Endurmat, hækkun	80.230	0	80.230	0
Liðir færðir beint á eigið fé sem gætu verið færðir síðar í rekstrarreikning				
Þýðingarmunur	4.944.867	3.042.778	6.499.688	1.327.907
Önnur heildarafkoma eftir skatta	5.025.097	3.042.778	6.579.918	1.327.907
Heildarafkoma	<u>4.795.106</u>	<u>5.130.463</u>	<u>11.323.897</u>	<u>12.245.451</u>

Skýringar á bls. 11-20 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

Efnahagsreikningur 30. september 2022

	Skýr.	30.9.2022	31.12.2021
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir		379.917.146	363.713.260
Óefnislegar eignir		3.118.988	2.966.481
Leigueign		2.137.796	2.576.177
Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum		77.764	80.923
Eignarhlutar í öðrum félögum		55.680	55.680
Áhættuvarnarsamningar		435.318	73.264
Tekjuskattsinnæign		4.263.683	3.812.930
Fastafjármunir samtals		390.006.376	373.278.714
Birgðir		1.804.771	1.337.505
Viðskiptakröfur	7	4.699.509	5.625.149
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum		0	1.548.338
Eignarhlutir til sölu		6.095.000	6.095.000
Áhættuvarnarsamningar		770.941	17.036
Aðrar skammtímakröfur		608.760	674.401
Fyrirframgreiddur kostnaður		216.091	328.780
Bundnar innstæður og markaðsverðbréf		13.962.402	14.657.369
Handbært fé		7.498.984	10.319.874
Veltufjármunir samtals		35.656.458	40.603.452
Eignir samtals		425.662.834	413.882.166
Eigið fé			
Endurmatsreikningur varanlegra rekstrarfjármuna		98.877.045	101.733.552
Bundinn hlutdeildarreikningur		71.779.741	66.451.877
Bundið eigið fé vegna þróunar		159.449	123.873
Gangvirðisreikningur		5.695.000	5.695.000
Þýðingarmunur		12.807.502	6.307.814
Óráðstafað eigið fé		31.658.238	33.340.963
Eigið fé samtals		220.976.976	213.653.079
Skuldir			
Vaxtaberandi skuldir		152.910.235	149.859.537
Leiguskuld		2.042.009	2.475.864
Lífeyrisskuldbinding		674.087	630.879
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum		1.076.158	931.389
Áhættuvarnarsamningar		6.500	332.279
Tekjuskattsskuldbinding		17.540.037	16.929.779
Langtímaskuldir samtals		174.249.026	171.159.726
Viðskiptaskuldir		3.063.185	3.522.684
Vaxtaberandi skuldir		18.427.743	15.187.655
Leiguskuld		158.919	179.498
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum		708.156	0
Áhættuvarnarsamningar		99.264	1.584.188
Fyrirframinnheimtar tekjur	7	2.526.751	142.970
Tekjuskattur til greiðslu		767.966	1.753.949
Aðrar skammtímaskuldir		4.684.849	6.698.418
Skammtímaskuldir samtals		30.436.832	29.069.361
Skuldir samtals		204.685.858	200.229.088
Eigið fé og skuldir samtals		425.662.834	413.882.166

Skýringar á bls. 11-20 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

Eiginfjáryfirlit

1. janúar til 30. september 2022

	Endurmats- reikningur rekstrarfjárm.	Bundinn hlutdeildar- reikningur	Bundið eigið fé v. þróunar	Gangvirðis- reikningur	Þýðingar- munur	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
1.1.-30.9. 2022							
Eigið fé 1. janúar 2022	101.733.552	66.451.877	123.873	5.695.000	6.307.814	33.340.963	213.653.079
Endurmat hækkun	80.230						80.230
Þýðingarmunur					6.499.688		6.499.688
Hagnaður tímabilsins						4.743.979	4.743.979
Heildarafkoma	80.230	0	0	0	6.499.688	4.743.979	11.323.897
Innlausn endurmats vegna afskrifta	(2.936.737)					2.936.737	0
Hlutdeild í hagnaði dóttur- og hlutdeildarféлага umfram móttækinn arð		5.327.865				(5.327.865)	0
Bundið eigið fé vegna þróunar			35.576			(35.576)	0
Greiddur arður						(4.000.000)	(4.000.000)
Eigið fé 30. september 2022	98.877.045	71.779.741	159.449	5.695.000	12.807.502	31.658.238	220.976.976
1.1.-30.9. 2021							
Eigið fé 1. janúar 2021	89.478.008	60.207.208	108.308	5.467.000	4.903.838	27.961.627	188.125.988
Þýðingarmunur					1.327.907		1.327.907
Hagnaður tímabilsins						10.917.544	10.917.544
Heildarafkoma	0	0	0	0	1.327.907	10.917.544	12.245.451
Innlausn endurmats vegna afskrifta	(2.847.219)					2.847.219	0
Hlutdeild í hagnaði dóttur- og hlutdeildarféлага umfram móttækinn arð		4.273.063				(4.273.063)	0
Bundið eigið fé vegna þróunar			84.343			(84.343)	0
Greiddur arður						(4.000.000)	(4.000.000)
Eigið fé 30. september 2021	86.630.789	64.480.271	192.651	5.467.000	6.231.746	33.368.982	196.371.439

Skýringar á bls. 11-20 eru óaðskiljanlegur hluti árs hlutareikningsins.

Sjóðstreymisyfirlit

1. janúar til 30. september 2022

	2022	2021
	1.1.-30.9.	1.1.-30.9.
Rekstrarhreyfingar		
Hagnaður tímabilsins	4.743.979	10.917.544
Leiðrétt fyrir:		
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	9.790.676	(1.210.147)
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	3.159	3.967
Tekjuskattur	546.671	4.647.163
Afskriftir	10.448.639	9.966.181
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna	(30.844)	(23.119)
Lífeyrisskuldbinding, breyting	43.208	(21.250)
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta	25.545.490	24.280.338
Birgðir, hækkun	(467.266)	(97.349)
Skammtímakröfur, lækkun	1.198.186	118.368
Skammtímaskuldir, hækkun	1.392.948	2.521.241
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	27.669.357	26.822.598
Innborgaðar vaxtatekjur	64.092	108.630
Greidd vaxtagjöld	(6.015.702)	(3.174.397)
Mótttekinn arður	164.861	120.972
Greiðslur vegna annarra fjármunatekna og fjármagnsgjalda	(1.403.800)	(901.560)
Greiddir skattar	(1.207.889)	(1.144.042)
Handbært fé frá rekstri	19.270.918	21.832.200
Fjárfestingarhreyfingar		
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	(14.869.727)	(11.778.171)
Fjárfesting í óefnislegum eignum	(494.475)	(353.801)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna	96.610	40.023
Sala á eignarhlutum í félögum	400	0
Breyting á bundnum innlánum	0	6.500.000
Breyting á markaðsverðbréfum	45.114	(4.270.735)
Fjárfestingarhreyfingar	(15.222.077)	(9.862.684)
Fjármögnunarhreyfingar		
Tekin ný langtímalán	7.058.651	10.035.811
Afborganir langtímaskulda	(9.922.254)	(15.747.261)
Greiddur arður	(4.000.000)	(4.000.000)
Afborganir leiguskulda	(70.868)	(77.278)
Fjármögnunarhreyfingar	(6.934.472)	(9.788.729)
(Lækkun) hækkun á handbæru fé	(2.885.631)	2.180.788
Handbært fé í ársbyrjun	10.319.874	15.820.051
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	64.741	(3.255)
Handbært fé í lok tímabilsins	7.498.984	17.997.584
Fjárfesting og fjármögnun án greiðsluáhrifa		
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	(314.085)	555.206
Skammtímaskuldir, breyting	314.085	(555.206)
Aðrar upplýsingar		
Veltufé frá rekstri	19.602.385	18.797.533

Skýringar á bls. 11-20 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

Skýringar

1. Félagið

Orkuveita Reykjavíkur (OR) er sameignarfyrtæki sem starfar á grundvelli laga nr. 136/2013 um Orkuveitu Reykjavíkur. OR er með höfuðstöðvar á Íslandi að Bæjarhálsi 1 í Reykjavík. Samandreginn samstæðuárshlutareikningur OR geymir árshlutareikning móðurfyrirtækisins og dótturfélaga þess, (sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar“) og hlutdeild í hlutdeildarfélögum. Samstæðuárshlutareikningur Orkuveitu Reykjavíkur er hluti af samstæðuárshlutareikningi Reykjavíkurborgar.

Samstæðan veitir þjónustu í gegnum dótturfélög sín sem reka orkuver, rafveitu, hitaveitu, vatnsveitu, fráveitu og ljósleiðara á þjónustuvæði sínu.

Dótturfélög í samstæðunni	Meginstarfsemi	Eignarhluti	
		30.9.2022	31.12.2021
Ljósleiðarinn ehf.	Gagnaflutningar	100%	100%
OR Eignir ehf.	Eignarhaldsfélag	100%	100%
Veitur ehf.	Uppbygging og rekstur veitukerfa	100%	100%
Orka náttúrunnar ehf.	Vinnsla og sala rafmagns	100%	100%
ON Power ehf.	Vinnsla og sala rafmagns	100%	100%
OR - vatns- og fráveita sf.	Vatns- og fráveitustarfsemi	100%	100%
Eignarhaldsfélagið Carbfix ehf.	Ráðgjöf, rannsóknir og nýsköpun	100%	100%
Coda Terminal hf.	Uppbygging og rekstur á móttöku- og förgunarstöð fyrir koldíoxíð.	100%	0%

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, *árshlutareikningsskil*. Samandreginn árshlutareikningur Orkuveitu Reykjavíkur inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2021. Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings félagsins fyrir árið 2021. Hægt er að nálgast ársreikninginn hjá félaginu á vef þess www.or.is, sem og á vef Kauphallar Íslands; www.nasdaqomxnordic.com.

Stjórn staðfesti og heimilaði birtingu árshlutareikningsins 28. nóvember 2022.

b. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill OR. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

c. Matsaðferðir

Reikningsskil samstæðunnar eru gerð á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að hluti varanlegra rekstrarfjármuna hafa verið endurmetnir til gangvirðis, innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum, eignarhlutar í öðrum félögum og aðrar fjáreignir og fjárskuldir eru færð á gangvirði. Fjallað er um aðferðir við mat á gangvirði í skýringu 38 með ársreikningi 2021.

d. Erlendir gjaldmiðlar

i) Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðli einstakra samstæðufélaga á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar á gengi uppgjörsdags. Aðrar eignir og skuldir sem færðar eru á gangvirði í erlendri mynt eru færðar á gengi þess dags er gangvirði var ákveðið. Gengismunur vegna viðskipta í erlendum gjaldmiðlum er færður í rekstrarreikning.

Skýringar

2. Grundvöllur reikningsskilanna, frh.

d. Erlendir gjaldmiðlar frh.

ii) Dótturfélag með annan starfrækslugjaldmiðil en íslenska krónu

Eignir og skuldir starfsemi félags samstæðunnar sem hefur bandarískan dollar (USD) sem starfrækslugjaldmiðil eru umreiknaðar í íslenskar krónur (ISK) miðað við gengi uppgjörsdags. Tekjur og gjöld þessarar starfsemi eru umreiknuð í ISK á meðalgengi tímabilsins. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í ISK er færður á sérstakan lið í yfirliti um heildarafkomu. Þegar starfsemi með annan starfrækslugjaldmiðil en íslenska krónu er seld, að hluta til eða að öllu leyti, er tengdur gengismunur fluttur í rekstrarreikning.

e. Mat og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð samstæðuárshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

3. Starfsemi og tekjuskráning samstæðufélaga

Eftirfarandi eru upplýsingar um starfsemi samstæðufélaga. Sundurliðun tekna eftir afurðum er að finna í skýringu nr. 4 og tekjur eftir starfsþáttum í skýringu nr. 5.

Vörur og þjónusta

Eðli, tímasetning tekjuinnlausnar og greiðsluskilmálar

a. Sala á rafmagni

ON Power ohf. og Orka náttúrunnar ohf. annast framleiðslu og sölu á rafmagni og Veitur ohf. dreifa rafmagni skv. gjaldskrá. Tekjur af sölu og dreifingu á raforku eru færðar í rekstrarreikning samkvæmt mældri afhendingu til kaupenda á tímabilinu og föstu gjaldi. Gjaldskrá fyrir dreifingu raforku er háð tekjumörkum sem gefin er út af Orkustofnun í samræmi við raforkulög nr. 65/2003. Við tengingu á nýju húsnæði við veitukerfi raforku og við endurnýjun á tengingu, er innheimt sérstakt gjald til að mæta kostnaði vegna nýrra kerfa eða endurnýjunar þeirra. Tekjur af tengigjöldum eru færðar í rekstrarreikning við tengingu. Viðskiptakröfur vegna sölu á rafmagni hafa alla jafna 30 daga greiðslufrest og er gjalddagi sá sami og eindagi. Einstaka samningar við ákveðna viðskiptavini gætu verið með öðru greiðslufyrirkomulagi en það er frekar undantekning.

b. Sala á heitu vatni

Veitur ohf., ON Power ohf. og Orka náttúrunnar ohf. annast framleiðslu á heitu vatni og Veitur ohf. annast dreifingu á heitu vatni. Tekjur af sölu og dreifingu á heitu vatni eru færðar í rekstrarreikning samkvæmt mældri afhendingu til kaupenda á tímabilinu og föstu gjaldi. Við tengingu á nýju húsnæði við veitukerfi hitaveitu og við endurnýjun á tengingu, er innheimt sérstakt gjald til að mæta kostnaði vegna nýrra kerfa eða endurnýjunar þeirra. Tekjur af tengigjöldum eru færðar í rekstrarreikning við tengingu. Viðskiptakröfur vegna sölu á heitu vatni hafa alla jafna 30 daga greiðslufrest og er gjalddagi sá sami og eindagi. Einstaka samningar við ákveðna viðskiptavini gætu verið með öðru greiðslufyrirkomulagi en það er frekar undantekning.

Skýringar

3. Starfsemi og tekjuskráning samstæðufélaga, frh.

Vörur og þjónusta

Eðli, tímasetning tekjuinnlausnar og greiðsluskilmálar

c. Sala á köldu vatni

OR Vatns- og fráveita sf. annast öflun og dreifingu á köldu vatni. Tekjur af sölu á köldu vatni taka mið af stærð húsnæðis sem er tengt kerfum, auk fasts gjalds sem er fært línulega yfir tímabil. Lögbundin takmörkun á efri mörkum gjaldskrár félagsins er 0,5% af fasteignamati. Að auki eru tekjur færðar samkvæmt mældri notkun á köldu vatni hjá tiltekinni atvinnustarfssemi. Við tengingu á nýju húsnæði við veitukerfi vatnsveitu og við endurnýjun á tengingu, er innheimt sérstakt gjald til að mæta kostnaði vegna nýrra kerfa eða endurnýjunar þeirra. Tekjur af tengigjöldum eru færðar í rekstrarreikning við tengingu. Viðskiptakröfur vegna sölu á köldu vatni hafa alla jafna 30 daga greiðslufrest og er gjalddagi sá sami og eindagi. Einstaka samningar við ákveðna viðskiptavinum gætu verið með öðru greiðslufyrirkomulagi en það er frekar undantekning. Vatns- og fráveitugjöld eru innheimt á fyrstu 9 mánuðum ársins en tekjunum er dreift jafnt á allt árið reikningshaldslega.

d. Fráveita

OR - vatns- og fráveita sf. annast rekstur fráveitu. Tekjur fráveitu taka mið af stærð húsnæðis sem er tengt kerfum, auk fasts gjalds sem er fært línulega yfir tímabil. Lögbundin takmörkun á efri mörkum gjaldskrár er 0,5% af fasteignamati. Við tengingu á nýju húsnæði við veitukerfi fráveitu og við endurnýjun á tengingu, er innheimt sérstakt gjald til að mæta kostnaði vegna nýrra kerfa eða endurnýjunar þeirra. Tekjur af tengigjöldum eru færðar í rekstrarreikning við tengingu. Viðskiptakröfur vegna fráveitu hafa alla jafna 30 daga greiðslufrest og er gjalddagi sá sami og eindagi. Einstaka samningar við ákveðna viðskiptavinum gætu verið með öðru greiðslufyrirkomulagi en það er frekar undantekning. Vatns- og fráveitugjöld eru innheimt á fyrstu 9 mánuðum ársins en tekjunum er dreift jafnt á allt árið reikningshaldslega.

e. Aðrar tekjur

Ljósleiðarinn ehf. sér um rekstur ljósleiðarakerfis. Tekjur af ljósleiðarakerfi eru færðar við afhendingu á vöru og þjónustu. Um er að ræða samkeppnisrekstur sem er undir eftirliti Fjarskiptastofu (áður Póst- og fjarskiptastofnun). Orkuveita Reykjavíkur sér um leigu á húsnæði og búnaði, tilfallandi sölu á sérfræðiþjónustu og fleiru. Leigutekjur eru færðar línulega í rekstrarreikning á leigutímanum og aðrar tekjur við afhendingu á vöru eða þjónustu. Viðskiptakröfur vegna annarra tekna og leigutekna hafa alla jafna 30 daga greiðslufrest.

4. Tekjur af vöru- og þjónustusölu

Tekjur samstæðunnar af sölu á vörum og þjónustu sundurliðast þannig:

	2022	2021
	1.1.-30.9.	1.1.-30.9.
Rafmagn.....	17.885.270	16.115.925
Heitt vatn.....	10.916.722	10.421.938
Kalt vatn.....	2.726.571	2.635.214
Fráveita.....	4.874.257	4.495.604
Aðrar tekjur.....	4.616.835	3.994.647
Tekjur af vöru- og þjónustusölu samtals.....	41.019.655	37.663.328

Skýringar

5. Starfspáttayfirlit, frh.

Starfspáttayfirlit eru birtar eftir innri upplýsingagjöf OR. Starfspáttayfirlit sem eru birtir eru *Veitur*, sem samanstanda af veiturekstri samstæðunnar í heitu og köldu vatni, dreifingu rafmagns og fráveitu, *Orkusala og framleiðsla* vegna samkeppnisreksturs í framleiðslu og sölu rafmagns og heits vatns auk *Annarrar starfsemi* sem sýnir rekstur móðurfyrirtækisins, *Ljósleiðarans, Carbfix og Coda Terminal*. Móðurfyrirtækið sér um þjónustu við dótturfélög, leigu húsnæðis og búnaðar, tilfallandi sölu sérfræðipjónustu og fleira. Ljósleiðarinn sér um rekstur ljósleiðarakerfis og Carbfix og Coda Terminal vinna að þróun og útbreiðslu Carbfix kolefnisbindingaraðferðarinnar með það að markmiði að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og sporna gegn loftlagsbreytingum. Við gerð starfspáttayfirlits er notast við sömu reikningskilareglur og samstæðan notast við og lýst er í skýringu 38 í ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2021.

Rekstrarstarfspáttayfirlit - svið

1.1.-30.9. 2022	Veitur	Orkusala og framleiðsla	Önnur starfsemi	Jöfnunar-færslur	Beiting IFRS 16*	Samtals
Tekjur frá þriðja aðila	24.530.068	13.533.514	2.985.931	0		41.049.514
Tekjur innan samstæðu	3.606.184	4.462.344	7.283.339	(15.351.866)		0
Tekjur starfspáttayfirlits	28.136.252	17.995.858	10.269.270	(15.351.866)		41.049.514
Rekstrargjöld starfspáttayfirlits	(14.584.768)	(8.145.407)	(8.223.884)	15.295.710	141.960	(15.516.388)
Rekstrarhagnaður starfspáttayfirlits, EBITDA	13.551.485	9.850.451	2.045.386	(56.156)	141.960	25.533.125
Afskriftir	(4.799.754)	(3.901.829)	(1.708.452)	40.931	(79.536)	(10.448.639)
Afkoma starfspáttayfirlits, EBIT	8.751.731	5.948.622	336.934	(15.225)	62.424	15.084.486
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(6.943.317)	(1.255.855)	835.554	(2.380.686)	(46.372)	(9.790.676)
Áhrif hlutdeildarfélaganna	0	0	(3.159)	0		(3.159)
Tekjuskattur	(94.579)	(901.450)	(447.482)	902.875	(6.036)	(546.671)
Hagnaður (tap) tímabilsins	1.713.835	3.791.318	721.847	(1.493.037)	10.016	4.743.979
1.1.-30.9. 2021						
Tekjur frá þriðja aðila	23.183.047	11.834.868	2.645.413	0		37.663.328
Tekjur innan samstæðu	3.017.142	6.196.108	6.798.669	(16.011.919)		0
Tekjur starfspáttayfirlits	26.200.190	18.030.976	9.444.081	(16.011.919)		37.663.328
Rekstrargjöld starfspáttayfirlits	(14.017.396)	(8.703.773)	(6.777.617)	16.011.919	148.246	(13.338.621)
Rekstrarhagnaður starfspáttayfirlits, EBITDA	12.182.794	9.327.202	2.666.465	0	148.246	24.324.707
Afskriftir	(4.389.139)	(4.030.600)	(1.452.906)	0	(93.535)	(9.966.181)
Afkoma starfspáttayfirlits, EBIT	7.793.654	5.296.602	1.213.559	0	54.711	14.358.526
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(3.606.782)	(4.773.734)	1.783.346	7.864.406	(57.088)	1.210.147
Áhrif hlutdeildarfélaganna	0	0	(3.967)	0		(3.967)
Tekjuskattur	(532.795)	(90.996)	(1.067.249)	(2.957.017)	894	(4.647.163)
Hagnaður tímabilsins	3.654.077	431.872	1.925.689	4.907.389	(1.483)	10.917.544

* Upplýsingar sem stjórnendur horfa til vegna starfspáttayfirlits taka ekki mið af reglum IFRS 16.

Skýringar

5. Starfspáttayfirlit, frh.

Rekstrarstarfspættir - svið, frh.

	Veitur	Orkusala og framleiðsla	Önnur starfsemi	Jöfnunarfærslur	Beiting IFRS 16*	Samtals
Efnahagur (30.9.2022)						
Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir	192.475.321	147.252.757	43.308.056	0		383.036.134
Leigueignir					2.137.796	2.137.796
Aðrar eignir	23.910.063	10.437.857	193.121.757	(186.980.774)		40.488.903
						<u>425.662.834</u>
Vaxtaberandi skuldir	74.463.608	61.150.570	171.337.978	(135.614.178)		171.337.978
Leiguskuldir					2.200.929	2.200.929
Aðrar skuldir	17.215.802	9.869.672	54.335.563	(50.274.085)		31.146.951
						<u>204.685.858</u>
Fjárfestingar (1.1.-30.9.2022)						
Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir	8.626.746	2.563.639	4.487.849	0		15.678.233
Efnahagur (31.12.2021)						
Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir	188.654.726	137.513.969	40.511.046	0		366.679.741
Leigueignir					2.576.177	2.576.177
Aðrar eignir	19.054.117	10.896.392	187.047.232	(172.371.492)		44.626.249
						<u>413.882.166</u>
Vaxtaberandi skuldir	68.675.925	57.795.104	165.047.192	(126.471.030)		165.047.192
Leiguskuldir					2.655.361	2.655.361
Aðrar skuldir	16.040.778	11.224.130	50.026.064	(44.764.436)		32.526.535
						<u>200.229.088</u>
Fjárfestingar (1.1.-30.9.2021)						
Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir	7.356.413	1.311.341	2.923.762	0		11.591.516

Skýringar

6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

	2022	2021
	1.1.-30.9.	1.1.-30.9.
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vaxtatekjur af lánum og kröfum	117.171	114.341
Vaxtagjöld og greiddar verðbætur	(3.515.925)	(3.034.513)
Áfallnar verðbætur	(6.604.252)	(2.684.219)
Ábyrgðargjald til eigenda 1)	(369.451)	(402.725)
Vaxtagjöld samtals	(10.489.628)	(6.121.458)
Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum	(2.401.262)	7.864.406
Gangvirðisbreytingar fjáreigna og fjárskulda á gangvirði í gegnum rekstur	(649.853)	557.700
Gangvirðisbreyting áhættuvarnarsamninga	2.926.660	(1.821.057)
Uppgjör áhættuvarnarsamninga	(1.364.115)	(899.055)
Gengismunur	1.859.275	1.394.298
Arðstekjur	211.077	120.972
Aðrar tekjur (gjöld) af fjáreignum og fjárskuldum samtals	581.781	7.217.263
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	(9.790.676)	1.210.147

1) Samstæðan greiddi ábyrgðargjald til núverandi og fyrrverandi eigenda OR vegna ábyrgða sem þeir hafa veitt á skuldir samstæðunnar samkvæmt ákvörðun aðalfundar OR árið 2005. Gjaldið er á ársgrunni, 0,82% (2021: 0,81%) á lán vegna sérleyfisstarfsemi og 0,63% (2021: 0,60%) á lán vegna samkeppnisstarfsemi. Útreikningur gjaldsins er gerður miðað við stöðu lána í lok hvers ársfjórðungs. Ábyrgðargjaldið nam samtals 369 milljónum kr. á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2022 (1.1.-30.9.2021: 403 milljónir kr.) og er fært á meðal vaxtagjalda.

Gangvirðisbreytingar gegnum rekstur

Við mat á gangvirði óskráðra fjáreigna og fjárskulda er beitt viðurkenndum verðmatsaðferðum sem er lýst í skýringu 38 í ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2021. Gangvirðisbreyting sem færð er til gjalda í rekstrarreikningi vegna þessa nemur samtals 124 milljónum kr. á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2022 (1.1.-30.9.2021: tekjufærsla að fjárhæð 6.601 milljónir kr.). Gangvirðisbreytingar sem tilheyra fjáreignum og fjárskuldum sem flokkaðar eru á stigi 3 er gjaldfærsla að fjárhæð 2.401 milljónum kr. á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2022 (1.1.-30.9.2021: tekjufærsla að fjárhæð 7.864 milljónir kr.).

7. Viðskiptakröfur og fyrirfram innheimtar tekjur

Staða viðskiptakrafna og staða fyrirfram innheimtra tekna breytist talsvert milli tímabila þar sem smásala er innheimt með jöfnum greiðslum en raunnotkun sveiflast talsvert á milli tímabila. Einnig eru vatns- og fráveitugjöld reikningsfærð á fyrstu níu mánuðum ársins en þeim tekjum er dreift jafnt á allt árið. Skráning tekna fer eftir notkun og afhendingu þjónustunnar í samræmi við reikningskilkilreglur.

Skýringar

8. Gangvirði

Samanburður á gangvirði og bókfærðu verði

Bókfært verð fjáreigna og fjárskulda á uppgjörstigi er jafnt og gangvirði þeirra, fyrir utan vaxtaberandi skuldir sem eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði. Bókfært verð og gangvirði þeirra greinist með eftirfarandi hætti:

	30.9.2022		31.12.2021	
	Bókfært verð	Gangvirði	Bókfært verð	Gangvirði
Vaxtaberandi skuldir	171.337.978	181.799.037	165.047.192	176.771.819

Gangvirði vaxtaberandi skulda er reiknað núvirði höfuðstóls og vaxta, sem er afvaxtað með markaðsvöxtum, auk viðeigandi áhættuálags á uppgjörstigi. Gangvirði vaxtaberandi skulda er flokkað sem stig 2.

Vextir við mat á gangvirði

Þar sem við á er notaður vaxtaferill á uppgjörstigi þegar vænt sjóðstreymi er núvirt. Vextirnir greinast þannig:

	30.9.2022		31.12.2021	
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum	11,46% til 12,36%		7,99% til 9,49%	
Áhættuvarnarsamningar	3,1% til 5,0%		0,1% til 1,3%	
Vaxtaberandi skuldir	0,49% til 12,41%		0,49% til 3,88%	

Næmnigreiningar á áhrif breytinga á vaxtastigi, gengi gjaldmiðla og álverði eru sýndar í skýringu 28 með ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2021. Bent er á að hafa þessa skýringu til hliðsjónar við lestur árshlutareikningsins þar sem breyting á þessum forsendum hefur talsverð áhrif á ýmsar stærðir í reikningsskilum samstæðunnar.

Stig gangvirðis

Taflan sýnir fjármálagerninga sem færðir eru í reikningsskilin, flokkaða eftir stigi gangvirðis. Stig gangvirðis eru skilgreind út frá verðmatsaðferð á eftirfarandi hátt:

Stig 1: Uppgefin verð á virkum markaði fyrir sams konar eignir og skuldir.

Stig 2: Forsendur byggja á öðrum breytum en uppgefnum verðum á virkum markaði (stig 1) sem unnt er að afla fyrir eignir og skuldir, beint (t.d. verð) eða óbeint (afleidd af verðum).

Stig 3: Forsendur gangvirðis eigna og skulda eru byggðar á gögnum sem ekki er unnt að öllu leyti að afla á markaði. Verðmat á eignarhlutum í félögum er unnið af starfsmönnum OR og ytri sérfræðingum og byggir á afkomu og opinberum gögnum um framtíðartekjur og framtíðarfjárfestingar undirliggjandi eigna.

30.9.2022	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Eignarhlutir í félögum	0	0	6.150.680	6.150.680
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum	0	0	(1.784.313)	(1.784.313)
Áhættuvarnarsamningar	0	1.100.496	0	1.100.496
Markaðsverðbréf	13.962.402	0	0	13.962.402
	13.962.402	1.100.496	4.366.367	19.429.265

31.12.2021

Eignarhlutir í félögum	0	0	6.150.680	6.150.680
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum	0	0	616.949	616.949
Áhættuvarnarsamningar	0	(1.826.167)	0	(1.826.167)
Markaðsverðbréf	14.657.369	0	0	14.657.369
	14.657.369	(1.826.167)	6.767.629	19.598.832

Skýringar

9. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Reykjavíkurborg, stofnanir og félag undir stjórn borgarinnar, hlutdeildarfélag, stjórnarfolk og lykilstjórnendur samstæðunnar eru skilgreind sem tengdir aðilar. Makar þessara aðila og ófjárráða börn falla einnig undir skilgreininguna, ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Viðskipti við tengda aðila

Framangreindir aðilar hafa átt í viðskiptum við samstæðuna á tímabilinu. Skilyrði og skilmálar viðskiptanna voru sambærileg og við ótengda aðila.

Eftirfarandi er yfirlit um helstu viðskipti við tengda aðila á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2022, ásamt yfirliti um kröfur og skuldir samstæðunnar við þessa aðila í lok tímabilsins. Viðskiptum og stöðum milli félaga innan samstæðunnar er eytt út í samstæðuárshlutareikningnum og því ekki tilgreind. Upplýsingarnar ná ekki til sölu samstæðunnar á hefðbundnum aðföngum til heimilisrekesturs viðkomandi aðila.

	2022	2021
	1.1.-30.9.	1.1.-30.9.
Sala til tengdra aðila á tímabilinu var eftirfarandi:		
Reykjavíkurborg	1.463.582	1.380.315
Stofnanir og félag undir stjórn Reykjavíkurborgar	545.334	539.619
Hlutdeildarfélag	0	1.040
	<u>2.008.916</u>	<u>1.920.974</u>
Kaup á vörum og þjónustu af tengdum aðilum á tímabilinu voru eftirfarandi:		
Reykjavíkurborg	56.443	55.305
Stofnanir og félag undir stjórn Reykjavíkurborgar	22.570	67.656
Hlutdeildarfélag	85.276	51.529
	<u>164.289</u>	<u>174.490</u>
	30.9.2022	31.12.2021
Kröfur á hendur tengdum aðilum í lok tímabilsins voru eftirfarandi:		
Reykjavíkurborg	152.572	199.107
Stofnanir og félag undir stjórn Reykjavíkurborgar	52.447	44.932
	<u>205.019</u>	<u>244.039</u>
Skuldir við tengda aðila voru eftirfarandi:		
Reykjavíkurborg	153.138	176.414
Stofnanir og félag undir stjórn Reykjavíkurborgar	92	1.035
	<u>153.230</u>	<u>177.449</u>
	2022	2021
	1.1.-30.9.	1.1.-30.9.
Vaxtagjöld á lán frá eigendum móðurfyrirtækis á tímabilinu voru eftirfarandi:		
Reykjavíkurborg	343.828	408.509
Akraneskaupstaður	23.713	27.880
Borgarbyggð	1.910	2.454
	<u>369.451</u>	<u>438.843</u>

Ábyrgðargjald greitt til eigenda er meðal vaxtagjalda í ofangreindu yfirliti. Sjá fjárhæðir og umfjöllun um ábyrgðargjaldið í skýringu 6.

Skýringar

10. Önnur mál

Viðgerð á höfuðstöðvum

Í lok ágúst 2015 komu í ljós alvarlegar rakaskemmdir á húsnæði OR að Bæjarhálsi 1. Aðgerðir stjórnenda OR hafa frá upphafi miðast að því að skapa fólki viðunandi vinnuaðstöðu og hafa helstu sérfræðingar verið hafðir með í ráðum við helstu ákvarðanir. Þá hefur verið reynt að leita skynsamlegustu leiða til að ráða bót á skemmdum og einnig að grafast fyrir um orsakir þeirra. Árið 2017 var húsinu lokað og starfsemin færð annað. Ákveðið var að fara í ítarlega valkostagreiningu og skoða þá möguleika sem voru í stöðunni. Niðurstaðan var að fjarlægja gallaða útveggi hússins, rétta það af og endurbýggja veggina. OR hefur gert verksamning um endurbætur á húsnæðinu við Ístak. Framkvæmdir hófust í maí 2021 og eru á áætlun. Áætlaður verktími eru 22 mánuðir og upphæð verksamnings við Ístak er um 1.580 milljónir króna en áfallinn framkvæmdakostnaður nú af verksamningi við Ístak er um 1.138 milljónir króna. Viðbótarframkvæmdakostnaður, sem felst í greiðslu verðbóta til Ístaks, auka-, og viðbótarverka ásamt kostnaði við færslu stjórnstöðva sem eru bókfærðar á verkefni nemur nú um 115 milljónir króna. Undirbúningur nauðsynlegra endurbóta innanhúss er hafinn. Markmið verkefnateymis er að bjóða út innanhússframkvæmdir sem fyrst svo innanhússverktaki verði ráðinn tímanlega og samfella verði milli framkvæmdaáfangna. Útboð á framkvæmd mun hefjast seint á árinu 2022 eða snemma á árinu 2023.

Vatnstjón hjá Orkuveitu Reykjavíkur - vatns- og fráveitu

Orkuveita Reykjavíkur - vatns- og fráveita stóð fyrir framkvæmdum við Suðurgötu sem m.a. fólust í endurnýjun á lögnum. Aðfaranótt 21. janúar 2021 fór stofnlögn vatns í sundur með þeim afleiðingum að vatn flæddi inn í byggingar Háskóla Íslands. Tjónið var tilkynnt til tryggingarfélaga OR - vatns- og fráveitu, ráðgjafa og verktaka. Tjónpóli fékk dómkvadda matsmenn til að meta umfang tjónsins og skiluðu þeir matsskýrslu til tjónpóla í janúar 2022. Í því undirmati var kostnaður vegna endurbóta metinn samtals 123,6 milljónir króna. Þann 4. mars 2022 lagði tjónpóli inn beiðni hjá Héraðsdómi Reykjavíkur þar sem óskað var eftir að dómkvaddir yrðu matsmenn til að framkvæma yfirmat. Með beiðni, dags. 27. apríl 2022, óskaði tjónpóli þess að dómkvaddir yrðu matsmenn til að leggja mat á útlagðan kostnað sem tjónpóli telur sig hafa orðið fyrir vegna tjónsins. Með bréfi, dags. 16. maí 2022 gerði tjónpóli skaðabótakröfu á Veitur ohf., VÍS og fleiri aðila um óskipta ábyrgð á greiðslu á tæplega 224 milljónum króna auk vaxta og dráttarvaxta. Kröfunni var hafnað með sameiginlegu bréfi VÍS og Veitna ohf., dags. 27. maí 2022. Undirmatsmenn í hinu nýja undirmati varðandi útlagðan kostnað voru dómkvaddir þann 25. maí 2022 en matsgerð þeirra liggur ekki fyrir. Yfirmatsmenn voru dómkvaddir þann 8. júní 2022 en yfirmatsgerð þeirra liggur ekki fyrir. Matsmenn í undir- og yfirmati hafa upplýst að matsgerðir verði mögulega tilbúnar fyrir lok árs. OR - vatns- og fráveita er með frjálsa ábyrgðatryggingu sem tekur til skaðabótaábyrgðar sem fellur á félagið. Skilmálar þeirrar tryggingar mæla fyrir um 5 milljóna króna sjálfsábyrgð og 50% af fjárhæð tjóns eftir það. Þak tryggingarinnar er 300 milljónir króna.

Vatnstjón í Hvassaleiti

Að kvöldi dags 2. september 2022 rofnaði önnur tveggja stofnlagna vatnsveitu sem flytur vatn frá Heiðmörk til höfuðborgarinnar. Atvikið átti sér stað við norðurenda fjölbýlishúss í Hvassaleiti 30 og var snemma ljóst að mikið tjón yrði vegna þess vatnsflaums sem fór um nærliggjandi svæði. Ástæður þess að lögnin fór með þessum hætti eru að öllum líkindum nokkrar og samverkandi. Líklegustu orsakir fyrir rofinu eru ófullnægjandi efnisgæði í röri eða að galli hafi komið fram í því. Einnig er mögulegt að breytingar í umhverfi lagnar hafi leitt til þess að hún rofnaði. Þá kunna jarðhræringar sem hafa átt sér stað á Reykjanesi undanfarið að hafa átt þátt í að lögnin fór í sundur. Það liggur hins vegar fyrir að ekki var fyrir að fara neinum mistökum eða vanrækslu af hálfu starfsfólks Veitna þannig að rof lagnarinnar verður ekki rakið til athafna eða athafnaleysis þess. Fljótlega varð ljóst að afleiðingar af þessu atviki yrðu töluverðar enda hafði vatn flætt inn í bílskúra og bílaplön í nærliggjandi fasteignum. Í ljósi þess að atvikið var ekki að rekja til mistaka eða vanrækslu starfsfólks fellur tjón vegna þess ekki undir ábyrgðatryggingu OR - vatns- og fráveitu hjá VÍS. Stjórnendur félagsins tóku hins vegar þá ákvörðun að allt tjón sem íbúar yrðu fyrir vegna atviksins yrði bætt. VÍS hafði umsjón með tjónatilkynningum og milligöngu um uppgjör tjóna til tjónpóla. VÍS hefur í dag greitt tjónpólum alls 45,6 milljónir króna, þar af eru um 14 milljónir króna vegna bifreiðatjóna. Ekki liggur þó fyrir í dag hver heildarfjárhæð tjónsins verður þar sem enn á eftir að gera upp einhver tjón vegna atviksins. Í samræmi við framangreinda ákvörðun stjórnenda um að taka ábyrgð á öllu því tjóni sem varð mun VÍS krefja OR - vatns- og fráveitu um allar þær bótagreiðslur sem hafa átt sér stað.

Skýringar

10. Önnur mál, frh.

Málaferli og kröfur

Þann 5. mars 2019 sendi lögmaður Ljósleiðarans Símanum hf. kröfu um fébætur vegna tjóns sem fyrirtækið telur sig hafa orðið fyrir vegna brots á fjölmiðlalögum, sem Fjarskiptastofa, þá Póst- og fjarskiptastofnun, birti ákvörðun um þann 3. júlí 2018. Nemur krafan um 1,3 milljarði króna vegna tapaðra tekna, kostnaðar og vaxta. Óskað var formlegra viðbragða frá Símanum. Framangreindu bréfi svöruðu lögmennt Símans með bréfi dags. 19. mars 2019 þar sem Síminn hafnaði kröfunni alfarið. Síminn hf. höfðaði dómsmál á hendur Fjarskiptastofu, þá Póst- og fjarskiptastofnun, Ljósleiðarans ehf., Sýn hf. og Mílu ehf. vegna ákvörðunar Fjarskiptastofu um lögbrotið. Dómur héraðsdóms var kveðinn upp þann 1. júlí 2020, þar sem ákvörðun Fjarskiptastofu var staðfest, þó með nokkrum breytingum á forsendum. Málinu var áfrýjað til Landsréttar af Símanum hf., Fjarskiptastofu og Sýn hf. sem staðfesti efnislega niðurstöðu Fjarskiptastofu. Síminn óskaði eftir áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar og hefur áfrýjunarleyfið verið samþykkt af Hæstarétti og hefur áfrýjunarstefna verið gefin út af Hæstarétti.

Ekkert hefur verið fært vegna þessarar kröfu í árshlutareikning félagsins 30.9.2022.

STARFSÁÆTLUN STJÓRNAR OR FYRIR ÁRIÐ 2023

1. ársfjórðungur	2. ársfjórðungur	3. ársfjórðungur	4. ársfjórðungur
Fundargerðir staðfestar.			
ÖHV mál.			
Staða umhverfis- og auðlindamælikvarða.			
Fjármál og áhættuskýrsla.			
Upplýsingar úr dótturfélögum.			
Skýrsla forstjóra um starfsemi samstæðunnar milli funda.			
Ársreikningur - umfjöllun og staðfesting	Árshlutauppgjör - þriggja mánaða	Árshlutauppgjör - Sex mánaða	Árshlutauppgjör - níu mánaða
Skýrsla og greinargerð ytri endurskoðanda	Aðalfundur - dagskrá og tillögur	Fjárhagsáætlun	
Skýrsla innri endurskoðanda	Kynning á ársskýrslu félagsins	Skýrsla innri endurskoðanda	Starfsáætlun stjórnar fyrir hvert rekstrarár (almanaksár)
Skýrsla regluvarðar	Mat á eigin störfum	Starfsreglur stjórnar	
Umhverfisskýrsla			Framfylgd eigendastefnu
Starfskjarastefna			
Starfsdagur stjórnar			
	Mat á störfum forstjóra og kjörum	Starfsdagur stjórnar	
Þema Umhverfismál	Þema Starfsmannamál	Þema Viðskiptavinir (þjónusta, gæði)	Þema Fjármál og rekstur
Tilfallandi á fundum stjórnar:			
Staðfesting ákvarðana sem stjórn tekur milli funda			
Fyrirspurnir og svör sem afgreidd eru milli funda			

Dagsetning	Fastir liðir
23. janúar 2023	Rýni Heildarstefnu OR. Lykilverkefni: <i>Ábyrg og sjálfbær nýting náttúrugæða</i> . Staða auðlinda og forða, Hera.
27. febrúar 2023 *Ársuppgjörið samþykkt á símafundi.	Rýni innkaupstefnu. Drög að ársreikningi 2022. Skýrsla ytri endurskoðanda. Innkaupayfirlit. Kynning á tillögu að arðgreiðslu til eigenda
7. mars 2023 símafundur	Ársuppgjör samstæðu OR, OR móðurfélags og OR eigna til samþykktar
27. mars 2023	Rýni Mannauðsstefnu, Jafnréttistefnu, Siðareglna og Starfskjarastefnu. Mat á störfum stjórnar og störfum forstjóra.
Apríl 2023	Aðalfundur og ársfundur.
24. apríl 2023	Rýni Gæðastefnu og Persónuverndarstefnu. Lykilverkefni: <i>Eftirsóknarverður vinnustaður. Yfirsýn yfir stöðu mála varðandi mannauð og menningu og tryggja að markmið í jafnréttis- og öryggismálum séu í heiðri höfð</i> (tímasetning í tengslum við rýni starfsmannastefnu). Ellen og Reynir. Mat á störfum forstjóra og stjórnar. Lykilverkefni: <i>Til fyrirmyndar í umhverfismálum. Áhrif loftslagsbreytinga á starfsemi samstæðunnar</i> . Hólmfríður
22. maí 2023	Rýni ÖH stefnu. F1 (3m) árshlutauppgjör. Innri endurskoðandi og endurskoðunarnefnd.
26. júní 2023	Rýni Umhverfis- og auðlindastefnu.
28. ágúst 2023	Rýni stefnu um samfélagsábyrgð. Lykilverkefni: <i>Til fyrirmyndar í umhverfismálum. Loftslagsmál (Orkuskipti og aðrar aðferðir við að ná markmiðinu “kolefnisjöfnuð starfsemi 2030) og önnur umhverfismál</i> (tímasetning í tengslum við rýni umhverfisstefnu og faghópur hjá ON um sporlausa starfsemi hefur lokið störfum). Hólmfríður H1 (6m) árshlutauppgjör. Innri endurskoðandi og endurskoðunarnefnd.
25. september 2023	Rýni Arðsemisstefnu, Arðgreiðslustefnu og Áhættustefnu. Lykilverkefni: Góð og örugg þjónusta. Næg geta hitaveitu. Sólrún Fjárhagsspá 2023 til Reykjavíkurborgar.
23. október 2023	Rýni Upplýsingaöryggisstefnu og Upplýsingatæknistefnu. Rýni starfsreglna stjórnar. Skýrsla um framfylgd eigendastefnu. Umboð til boðunar Eigendafundar.
27. nóvember 2023	Starfsáætlun stjórnar, drög. F3 (9m) árshlutauppgjör. Innri endurskoðandi og endurskoðunarnefnd.
18. desember 2023 Þriðji mánudagur	Starfsáætlun stjórnar til samþykktar.

Dagsetningar uppgjóra eru með fyrirvara um kröfur borgarinnar um skil á uppgjörum.

Ingvi Gunnarsson, forstöðumaður Auðlindastýringar mætti til fundarins kl. 15:35, lagði fram og kynnti minnisblað um stöðu auðlinda og forðagæslu, dags. 26.10.2022.

7. Lagðar voru fram til rýni arðsemissstefna, arðgreiðslustefna og áhættustefna sem frestað var á stjórnarfundi SF 322. Arðsemissstefna lögð fram og rýnd með breytingartillögu. Samþykkt samhljóða. Arðgreiðslustefna lögð fram óbreytt og rýnd. Samþykkt með atkvæðum Brynhildar Davíðsdóttur, Gylfa Magnússonar, Völu Valtýsdóttur og Valgarðs Lyngdal. Eyþór Laxdal Arnalds og Kjartan Magnússon sitja hjá. Áhættustefna lögð fram með breytingu. Samþykkt samhljóða.

Jafnframt voru lagðar fram upplýsingatæknistefna og upplýsingaöryggisstefna. Stefnurnar rýndar og samþykktar óbreyttar.

8. Klukkan 15:55 mætti Ellen Ýr Aðalsteinsdóttir, framkvæmdastýra Mannauðs- og menningar til fundarins, auk Hilmar G. Hjaltasonar og Auðar Bjarnadóttur frá Vinnvinn, og greindi frá tillögu að ráðningarferli forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur. Ákveðið að skipa Eyþór Laxdal Arnalds, Völu Valtýsdóttur og Valgarð Lyngdal Jónsson í valnefnd vegna ráðningarinnar. Umræður.

9. Lagðar fram til upplýsinga, fundargerðir og minnisblöð framkvæmdastjóra dótturfélaga Orkuveitu Reykjavíkur.

Minnisblað framkvæmdastýru Orku náttúrunnar ohf. dags. 14.10.2022

Fundargerðir stjórnarfunda Orku náttúrunnar ohf. dags. 19.09.2022 og 26.09.2022

Minnisblað framkvæmdastýru Carbfix ohf. dags. 21.10.2022

Fundargerð stjórnarfundar Carbfix ohf. dags. 19.09.2022

Minnisblað framkvæmdastjórnar Veitna ohf. dags. 20.10.2022

Fundargerðir stjórnafundar Veitna ohf. dags. 22.09.2022 og 28.09.2022

Minnisblað framkvæmdastjóra Ljósleiðarans ehf. dags. 19.10.2022

Fundargerðir stjórnarfunda Ljósleiðarans ehf. dags. 23.09.2022 og 21.10.2022

10. Klukkan 16:30 mætti til fundarins Hallur Símonarson, innri endurskoðandi auk Ingunnar Ólafsdóttur og lagði fram erindi endurskoðunarnefndar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 11.10.2022 um útboð á ytri endurskoðunarþjónustu ásamt samningi um innri endurskoðun Orkuveitu Reykjavíkur og dótturfélaga. Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur gerir ekki athugasemd við útboð á endurskoðunarþjónustu samstæðu Reykjavíkurborgar, sem fyrirtækið og dótturfélög þess er hluti af.

Hallur lagði einnig fram og kynnti drög að samningi um innri endurskoðunarþjónustu, dags. 28. október 2022.

Tillagan samþykkt með atkvæðum allra stjórnarmanna, annarra en Valgarðs Lyngdals Jónssonar, sem situr hjá við afgreiðsluna.

11. Forstjóri lagði fram og kynnti skýrslu sína um starfsemina á milli stjórnarfunda, dags. 27.10.2022. Umræður.

Eyþór Laxdal Arnalds og Kjartan Magnússon leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er eftir sundurliðuðum upplýsingum um fjárfestingar Orkuveitu Reykjavíkur í fjarskiptastarfsemi frá árinu 1999.

Eyþór Laxdal Arnalds og Kjartan Magnússon leggja fram eftirfarandi tillögu ásamt greinargerð:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að brugðist verði við niðurstöðu úrskurðarnefndar um umhverfis- og auðlindamál án tafar þannig að Árbæjarlónið verði fyllt að nýju í samræmi við gildandi deiliskipulag.

Frestað.

12. Önnur mál.

- **Hverahlíðarlögn**

Lögð fram svohljóðandi tillaga, ásamt greinargerð:

Stjórn OR veitir forstjóra OR umboð til að staðfesta á hluthafafundi í ON Power ohf. ákvörðun stjórnar félagsins um að fara í verkefnið Hverahlíðarlögn II svo viðhalda megi gufu- og skiljuvatnsforða Hellsheiðarvirkjunar til raforku og heitavatnsframleiðslu sem, eins og staðan er í dag dvínar um 3% á ári.

Samþykkt samhljóða.

- **Greiðslur**

Formaður lagði til að greitt verði fyrir vinnu Eypórs Arnalds og Gylfa Magnússonar varðandi hlutfjárauðningu í Ljósleiðaranum með sama hætti og greitt er fyrir störf starfskjaranefndar.

Samþykkt samhljóða.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 17:30

Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 28. nóvember 2022.

Brynhildur Davíðsdóttir,
Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Eypór Laxdal Arndals, Kjartan Magnússon,
Valgarður Lyngdal Jónsson, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir.

Skýrsla nr. 202-022

02.12.2022



Framfylgd eigendastefnu 2022

Skýrsla til eigenda Orkuveitu Reykjavíkur

Guðrún Erla Jónsdóttir

Stjórnhættir og stefna

Útgefandi: Orkuveita Reykjavíkur
Umsjón og ábyrgð: Guðrún Erla Jónsdóttir
Forsíðumynd : Gunnhildur Lind Hansdóttir, Rafstöðin í Elliðaárdal

Skráningarblað skýrslna

Skýrsla nr. 2022-022	Útgáfudagur 2.12.2022	Útgáfustaður Reykjavík
Heiti skýrslu Framfylgd eigendastefnu 2022		
Upplag pdf	Fjöldi síðna 9	Dreifing Opinber
Höfundur/ar Guðrún Erla Jónsdóttir		Verknúmer
Unnið fyrir Orkuveitu Reykjavíkur		Samvinnuaðilar
Útdráttur Á reglulegum eigendafundi Orkuveitu Reykjavíkur (OR) ár hvert skilar stjórn skýrslu til eigenda um framfylgd eigendastefnu. Eigendastefnunni er ætlað að tryggja lýðræðislega, gagnsæja, faglega og skilvirka stjórnun fyrirtækisins og efni skýrslunnar hefur að geyma upplýsingar um það stefnumiðaða stjórnarstarf sem á sér stað innan samstæðu OR. Til samræmis við eigendastefnu hefur stefnumörkun og framtíðarsýn, með útfærslu og stefnuverkefnum verið lögð fyrir eigendafund til staðfestingar. Með markvissri innleiðingu eigendastefnunnar eru eigendur upplýstir um það hvernig er unnið að framtíðarsýn OR og hvaða árangri hefur verið náð.		
Efnisorð Eigendastefna, stjórnarhættir, framtíðarsýn, stefnumótun, innleiðing, stefnuverkefni		Yfirfarið

Efnisyfirlit

1	Upphafsorð.....	1
2	Stjórnarhættir og leiðarljós eigendastefnu	1
2.1	Sameining umhverfis- og auðlindastefnu og stefnu um samfélagsábyrgð	2
2.2	Virk innleiðing eigendastefnu.....	3
3	Rýni eigendastefnu	3
4	Lykilverkefni heildarstefnu.....	4
4.1.1	Félagsform OR	4
4.1.2	Þróun Carbfix.....	4
4.1.3	100 ára sýn auðlinda	5
4.1.4	Fráveita og hringrásarhagkerfi	5
4.1.5	Starfsfólk – starfsumhverfi framtíðar	7
4.1.6	Orkuskipti og framtíðarorkumarkaður	7
5	Ákvarðanir sem hljóta skulu samþykki eigenda	8
6	Lokaorð	9

Myndir

Mynd 1	Forgangsröðun Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna í stefnu hvers félags í samstæðu OR.....	2
Mynd 2	Framtíðarsýn forðamála. Hlutfall forða sem unnin hefur verið framtíðarsýn fyrir.....	5
Mynd 3	Loftslagsáhættur - Aðlögun að loftslagsbreytingum : Vatns- og fráveita.....	6
Mynd 4	Loftslagsáhættur - Aðlögun að loftslagsbreytingum rafveita og hitaveita.....	6

1 Upphafsorð

Góðir stjórnarhættir hafa fengið meira vægi hjá hagaðilum fyrirtækja og stofnana á síðustu árum. Það er ekki síst vegna þess að þegar stjórnun og rekstur fyrirtækis færast frá eiganda til aðila, sem starfa í hans umboði, geta komið upp hagsmunaárekstrar milli þeirra. Þetta hefur verið skilgreint sem umboðsvandi milli aðila. Hérlandis hafa verið gefnar út leiðbeiningar með það að meginmarkmiði að stuðla að góðum stjórnarháttum með því að „skýra hlutverk og ábyrgð stjórnenda fyrirtækja og auðvelda þeim þannig að rækja störf sín og treysta um leið hag hluthafa og annarra hagaðila¹.“

Eigendastefna Orkuveitu Reykjavíkur (OR) gengur lengra en leiðbeiningar um góða stjórnarhætti og skýrir nánar umboð handhafa eigendavaldsins, stjórnar og forstjóra. Með skýrri eigendastefnu er leitast við að „skýra hlutverk og ábyrgð eigendanna og tryggja þátttöku þeirra í ákvörðunum um mikilvæg málefni og stefnumörkun. Þannig á eigendastefnan að tryggja lýðræðislega, gagnsæja, faglega og skilvirka stjórnun fyrirtækisins.“²

Í sameignarsamningi OR kemur fram að skila skuli árlega skýrslu um framfylgd eigendastefnunnar. Eigendastefnan er skýr um sameiginlegan vilja eigendanna, leiðarljós og framtíðasýn sem stjórn og stjórnendum er falið að vinna eftir. Með skýrslugjöfinni geta eigendur sannreynt að stefnu þeirra sé í reynd framfylgt. Þá geta eigendur fylgst með stjórnarháttum í samstæðu OR og þróun stefnumiðaðrar stjórnunar. Í skýrslu um framfylgd eigendastefnu er farið yfir þessa þætti og er skýrslan öllum aðgengileg á heimasíður OR, enda er greinargóð og gagnsæ upplýsingagjöf nauðsynlegur þáttur í samfélagsábyrgð fyrirtækisins.

2 Stjórnarhættir og leiðarljós eigendastefnu

Eins og vikið er að í upphafsorðum skýrslunnar hefur eigendastefna Orkuveitu Reykjavíkur (OR) að geyma mikilvæga lýsingu á kröfum um stjórnarhætti. Eigendastefnan er nýlunda í þeirri aðferðarfræði sem fyrirtæki geta nýtt sér til að bæta stjórnarhætti og stefnumiðaða stjórnun og er hún sú fyrsta sem íslensku orku- og veitufyrirtæki er sett.

Eigendastefnan er slíkt einsdæmi í stjórnarháttum að tilurð hennar hefur vakið athygli innanlands sem erlendis. Fræðimenn og stefnumótandi aðilar í viðskiptalífínu hafa leitað til OR til að fræðast um innleiðingu hennar. Til samræmis við það gagnsæi sem eigendastefnan boðar hefur OR leitast við að auka aðgengi aðila að upplýsingum þar að lútandi. Til dæmis er eigendastefnan og innleiðing hennar kynnt með reglubundnum hætti í háskólasamfélaginu. Þá hafa vera gefnar út greinar og bókarkafar sem fjalla um OR og innleiðingu eigendastefnunnar, sem og mikilvægi hennar fyrir stefnumiðaða ákvarðanatöku.

Ætla má að umræða um eigendastefnu eigi erindi inn í virka umræðu í tengslum við góða stjórnarhætti og ekki síður vegna nýrra og meiri krafna um skýrslugerð stjórnar og stjórnenda til eigenda og annarra hagaðila. Í leiðarljósum eigendastefnu segir að OR skuli koma fram af heilindum og trausti samhliða því að rækja samfélagslega ábyrgð í starfsemi sinni. Þá segir að OR skuli bera hag samfélagsins fyrir brjósti. Þetta leiðarljós eigendastefnu OR er grundvöllur sjálfbærs

¹ Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtök atvinnulífsins. (2021). ISBN 978-9935-9565-3-8

² Orkuveita Reykjavíkur. (2014). Eigendastefna. Sótt: <https://www.or.is/um-or/skipulag-og-stjornhaettir/eigendastefna/>

reksturs og samfélagsábyrgðar hjá samstæðunni. Heiðarleiki er eitt gilda OR og því er greinargóð og gagnsæ upplýsingagjöf nauðsynlegur þáttur í samfélagsábyrgð fyrirtækisins.

Í Ársskýrslu OR er stuðst við hin alþjóðlega viðurkenndu UFS-viðmið³ (umhverfi, félagslegir þættir og stjórnarhættir) um skýrslugjöf fyrirtækja hvað varðar sjálfbærni og samfélagsábyrgð. Leiðbeiningarnar fjalla um það hvernig fyrirtæki geta með stefnu, markmiðum og upplýsingagjöf sýnt samfélagslega ábyrgð í verki.

Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna hafa verið tengd við heildarstefnu og stuðningsstefnur samstæðunnar sem 6.kafli eigendastefnunnar tilgreinir. Þannig vinnur samstæðan að framgangi heimsmarkmiðanna og tengir stefnuverkefni sín markmiðunum. Jafnframt er í Ársskýrslu sýnt hvernig starfsemin styður við Heimsmarkmiðin 17.

Á árinu 2021 lauk því að hvert og eitt félag í samstæðunni forgangsraðaði Heimsmarkmiðum og voru þau skjalfest í heildarstefnu hvers félags. Myndin sýnir hvaða Heimsmarkmið eru í forgangi hjá hverju félagi.

	OR	ON	Veitur	Ljós-leiðarinn	Carbfix
					X
	X	X	X	X	X
	X		X		
	X	X	X		
		X	X	X	X
		X	X	X	
	X	X	X		
	X	X	X	X	X
			X		
					X

Mynd 1 Forgangsröðun Heimsmarkmiða í stefnu hvers félags í samstæðu OR.

Fyrir dyrum stendur innleiðing nýs verkefnastjórnunarkerfis hjá samstæðu OR, Vitans. Við skráningu hvers verkefnis er markmið þess tengt viðeigandi Heimsmarkmiði og því verður á meðal mögulegra úttaka úr kerfinu upplýsingar um raunverulegar áherslur á markmiðin m.t.t. þeirra verkefna sem samstæðan ræðst í og gefur þannig a.m.k. vísbendingu um hvort áherslur stjórna fyrirtækjanna í samstæðunni eru að skila sér í starfi þeirra.

2.1 Sameining umhverfis og auðlindastefnu og stefnu um samfélagsábyrgð

Umhverfis- og auðlindastefna OR hlaut gagngera endurskoðun árið 2012 og hefur reynst samstæðunni öflugt tæki til að ná metnaðarfullum markmiðum í umhverfismálum. Má þar nefna árangur í loftslagsmálum, loftgæðamálum hvað varðar brennisteinsvetni, umbætur í innkaupum og vatnsvernd, svo dæmi séu tekin. Skilgreining þýðingarmikilla umhverfisþátta er þar grundvallaratriði. Markmið eru sett hvað varðar hvern þeirra og skilgreindar mælingar á framvindu.

Síðla árs hófst vinna við að nýta styrk umhverfis- og auðlindastefnunnar til stýringar á öðrum þýðingarmiklum sjálfbærniþáttum, það er að bera kennsl á þá þýðingarmiklu samfélags- og stjórnarháttapætti sem rétt sé að leggja áherslu á í starfseminni og leggja grunn að markvissri vöktun þeirra og stýringu. Núverandi stefna OR um samfélagsábyrgð er þá felld inn í umhverfis- og auðlindastefnuna undir nýju heiti. Viðbúið er að sú stjórn sem tekur við haustið 2022 og nýr forstjóri munu vilja setja mark sitt á þá vinnu.

³ Viðskiptaráð Íslands í samstarfi við Nasdaq, Festu, IcelandSIF og Staðlaráð Íslands. (2020) UFS leiðbeiningar. Sótt: https://vidskiptarad.cdn.prismic.io/vidskiptarad/964ee324-5839-421d-9e6b-a85d871f67b0_2021_02_18-UFS-leidbeiningar.pdf

2.2 Virk innleiðing eigendastefnu

Talað er um stefnumiðaða stjórnarhætti þegar kemur að innleiðingu eigendastefnunnar. Það helgast af því að innleiðing hennar snýst um meira og annað en það hvernig stefnt skuli að framtíðarsýn OR með skipulagðri aðgerðaráætlun og markmiðum. Eigendastefnan auðveldar stjórnarfólki og stjórnendum OR ákvarðanatöku og er skýr leiðbeining um þann ramma sem vinna á innan. Þegar eigendur eru skýrir um sinn sameiginlega vilja er stefnumiðuð ákvarðanatöku markvissari.

Þetta virka innleiðingarferli er forsenda þess að tryggja megi samþættingu eigendastefnunnar við stjórnarhætti í samstæðu OR. Innleiðingarferli eigendastefnu og stefnumótunar er hluti af gæða- og áhættustýringu í samstæðunni. Í skýrslu Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar frá 2018 segir “Stjórnarháttaleiðbeiningar Viðskiptaráðs o.fl. gera kröfu um að markmið fyrirtækisins séu skilgreind í heild og niður á einingar í samræmi við heildarmarkmið þannig að allir stefni í sömu átt. Einnig þarf að tengja markmið eftirlitsaðgerða við heildarmarkmið fyrirtækisins og áhættu sem fyrirtækið stendur frammi fyrir. Heildarstefna OR og stuðningsstefnur mynda saman heildarmarkmið OR og allar starfseiningar þurfa að vera meðvitaðar um þær til að rækja hlutverk sitt gagnvart virkni innra eftirlits.”⁴

Þá segir í niðurstöðum sömu skýrslu, sem lýsir stefnumiðuðum stjórnarháttum samstæðunnar: „Stjórn og stjórnendur OR og dótturfélaga leiða eigendastefnuna markvisst í gegnum allar skipulagsheildir með heildarstefnu og útfærðum stuðningsstefnum sem sæta árlegri rýni á vettvangi stjórnar móðurfélagsins og stjórna dótturfélaganna. Þannig hefur verið lagður grunnur að stefnumiðaðri stjórnun innan samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur. Sú heildarstefnumótun sem farið hefur fram er til þess fallin að styrkja eftirlitsumhverfi fyrirtækisins, auk þess sem unnið hefur verið að innleiðingu áhættustjórnunar á heildargrunni sem eflir samtímaeftirlit stjórnenda. Allar starfseiningar innan samstæðu Orkuveitunnar ættu þannig að geta tryggt með hæfilegri vissu að heildarmarkmiðum fyrirtækisins verði náð.”

3 Rýni eigendastefnu

Í skýrslu til eigenda um framfylgd eigendastefnu 2021 opnaði stjórn á umræðu við eigendur sem snýr að einföldun á 6. kafla eigendastefnunnar um stefnumótun. Það er vilji stjórnar og stjórnenda að einfalda og fækka stuðningsstefnum sem stjórnir félaga rýna, en leggja aukna áherslu á viðmið í rekstri og markmið. Með því móti verður hægara að tengja betur saman stefnu, verkefnastýringu og daglegan rekstur. Áherslan verður þannig samhliða á bættan daglegan rekstur og nauðsynlegar breytingar rekstrar sem færa samstæðuna áfram í átt að framtíðarsýn hennar. Þá er virði í því fyrir stefnumiðaða menningu samstæðunnar sem ávallt er verið að vinna með.

Í ársskýrslu OR sem gefin var út með rafrænum hætti nú á árinu opnaði stjórnarformaður, Brynhildur Davíðsdóttir, á samtal eigenda varðandi rýni eigendastefnunnar og segir „Um þessar mundir er Eigendastefna Orkuveitu Reykjavíkur áratugargömul. Hún reyndist einkar heilladrjúg við endurreisn og endurmótun Orkuveitu Reykjavíkur og leiðarljós hennar hafa verið okkur stjórnarfólki traustur vegvísir þegar tekist er á við verkefni líðandi stundar... breytingar sem orðið hafa á ýmsu í umhverfi starfseminnar á síðasta áratug eru tilefni til skipulegs samtals um áherslur í starfseminni. Engir eru betur fallnir en eigendur fyrirtækisins til að endurspeglar breytingu samfélagslegra

⁴ Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar. (2018). Vinnustaðamenning og mannauðsmál hjá Orkuveitu Reykjavíkur. IE18090007. Sótt af: https://www.or.is/documents/61/vinnustadarmening_og_mannaudsmal_hja_or_-_november_2018_ie_8rDWIbl.pdf

viðhorfa til starfseminnar og þess hvernig til dæmis ný orkustefna fyrir Ísland, loftslagsmarkmið, áhersla á hringrásarhagkerfið og grænar fjárfestingar, snjallvæðing, sjálfvirknivæðing og breytingar á samkeppnismörkuðum ætti að endurspeglast hjá Orkuveitu Reykjavíkur.“

Þetta rímar við það sem eigendastefnan segir að hún sé samstarfssáttmáli eigenda. Þar af leiðandi verða ekki gerðar á henni breytingar nema í samkomulagi þeirra. Þá þurfa sveitarstjórnir að samþykkja breytingar og staðfesta á eigendafundi OR. Í samræmi er það ein af áherslum eigendastefnunnar að leitast skuli við að tryggja þátttöku eigenda í ákvörðunum um mikilvæg málefni og stefnumörkun.

4 Lykilverkefni heildarstefnu

Þau lykilverkefni sem stjórn OR hefur falið fyrirtækjum samstæðunnar að setja í forgang er ætlað að færa samstæðuna í átt að framtíðarsýn. Hér verður gerð grein fyrir hverju forgangsverkefni fyrir sig, stöðu þeirra (frá síðustu skýrslu um framfylgd eigendastefnu⁵) og þau tengd við leiðarljós og tiltekin ákvæði eigendastefnunnar samhliða þeim heimsmarkmiðum sem stefnuverkefnin styðja.

4.1.1 Félagsform OR

Kafli eigendastefnunnar sem snýr að stjórnarháttum (kafli 5) segir að tryggja eiga fagmennsku, hagkvæmni, ráðdeild, gagnsæi og ábyrgð í rekstrinum. Í leiðarljósum eigendastefnunnar segir jafnframt að áhersla skuli lög á ábyrga nýtingu fjármuna. Með það fyrir augum er eitt lykilverkefna samstæðunnar **félagsform OR**. Þetta stefnuverkefni snýr að félagsformi móðurfélags samstæðunnar og greiningu á kostum þess og göllum. Greiningu er lokið og kostir þess að færa OR yfir í ohf. væri meðal annars einföldun samstæðunnar og bætt nýting fjármuna, enda ættu að vera uppfyllt skilyrði til aðildar OR að samsköttun með öðrum félögum samstæðunnar, tekjuskattshlutfall sef. er í dag 37,6% en ohf. 20%. Með samsköttun samstæðunnar yrði takmörkun á frádrætti vaxtagjalda innan samstæðu úr sögunni. Helsti ókosturinn er skattlagning á úttektir hluthafa eru hærri í hlutafélögum en á móti kemur að arðgreiðslur frá dótturfélögum til móðurfélags eru undanþegnar skatti.

Á aðalfundi OR þann 28. apríl 2022 sammæltust eigendur OR um að setja af stað vinnu við rýni á fjármagnsskipan og arðgreiðsluskilyrði fyrirtækisins. Þessari vinnu er ætlað að eiga sér stað á eigendavettvangi með aðkomu OR.



4.1.2 Þróun Carbfix

Í þessu lykilverkefni um **þróun Carbfix** var lögð áhersla á það að fyrir lægi skýr framtíðarsýn og viðeigandi áætlanir fyrir félagið, meðal annars sem sneru að hraða uppbyggingar og fyrirkomulagi starfseminnar en einnig að fjármögnun og samstarfi. Í lok ársins 2021 höfðu verið lagðar fram tvær tillögur þess efnis sem þá biðu samþykktar eigenda. Eigendur OR staðfestu einróma á árinu

⁵ Guðrún Erla Jónsdóttir. (2021). Framfylgd eigendastefnu. Skýrsla til eigenda Orkuveitu Reykjavíkur. Sótt af: https://www.or.is/documents/1186/EF10122021_Sk%C3%BDrsla_um_framfylgd_eigendastefnu_2021.pdf


samþykki stjórnar OR-eigna fyrir heimild til að Carbfix ohf. stofnaði dótturfélag, Carbfix hf. Þessu stefnuverkefni er því lokið eins og það var skilgreint og áhersla Carbfix verður nú á að styrkja stöðu og framgang Carbfix aðferðarinnar, innanlands og erlendis.



4.1.3 100 ára sýn auðlinda

Eitt leiðarljósa eigendastefnunnar er að leggja skuli áherslu á virðingu gagnvart umhverfinu og ábyrga nýtingu auðlinda. Þá segir í kafla 6.3 í eigendastefnu að OR skuli leitast við að bæta nýtingu auðlinda og aðfanga í samræmi við sjónarmið sjálfbærrar þróunar. Eitt þeirra lykilverkefna sem hafa verið skilgreind er stefnuverkefnið **100 ára sýn auðlinda**. Þetta er langtímaverkefni sem unnið hefur verið í samstæðunni um nokkurt skeið. Þetta verkefni snýr að því að gerð verð heildstæð úttekt á stöðu auðlinda og forða sem OR hefur yfir að ráða. Þá skal ræða áætlanir til lengri og skemmri tíma um réttindi og nýtingu. Núna hafa verið unnar eftirspurnarspár í öllum veitum. Þá er kominn vegvísir að forðaöflun fyrir stærstu veiturnar og aðgerðir hafnar, t.d. sumarhvíld lághitasvæða. Skýr sýn í forðaöflun bætir ákvarðanir.

Framvinda stefnuverkefnisins hefur verið sett upp á myndrænan hátt og má þar sjá hvaða verkefnum er lokið og hvað er framundan.



Mynd 2. Framtíðarsýn forðamála. Hlutfall forða sem unnin hefur verið framtíðarsýn fyrir.










4.1.4 Fráveita og hringrásarhagkerfi

Umfangsmikið forgangsmál sem snýr meðal annars að loftslagsmálum. Snýr einnig að blágrænum lausnum, nýtingu á því sem til fellur, hreinsistöðvum og regluverki.








Stefnuverkefni um **fráveitu og hringrásarhagkerfi** hefur það að meginmarkmið að lágmarka soun og hámarka nýtingu í rekstri fráveitukerfa. OR er í samstarfsverkefni með Reykjavíkurborg um „Græna planið“ þar sem meðal annars er verið að skoða úrgangsnýtingu. Þá hafa Veitur lagt ríka áherslu á forvarnir og fræðslu til almennings. Á árinu 2023 er fyrirhugað stefnuverkefni sem ætlað

er að stórefla innleiðingu á náttúrulegri hreinsun ofanvatns (blágrænar ofanvatnslausnir) og vinna að úrgangsméðhöndlun með fyrirtækjum, til dæmis Sorpu.

Áhrif loftslagsmála eru afar brýnt viðfangsefni og er stefnuverkefnið **aðlögun að loftslagsbreytingum** samvinnuverkefni OR samstæðunnar við stjórnvöld, sveitarfélög, fyrirtæki og almenning. Starfsemi OR samstæðunnar er í miklu návígi við náttúruöflin og háð þeim. Því er mikilvægt að móta tímasettar aðgerðir og eftirfylgni um aðlögun að loftslagsbreytingum. Stjórn OR kallaði eftir því að fyrirtækið kannaði hugsanleg áhrif loftslagsbreytinga á starfsemi OR. Fyrsti áfangi þessa verkefnis leiddi af sér skýrsluna: Aðlögun OR samstæðunnar að loftslagsbreytingum.⁶

	HÆTTA OG ORSAKIR	RÁÐSTAFANIR	
	Áskorun að anna hámarks eftirspurn til framtíðar ef þurrkar og úrkomuákefð verða tíðari	Auka eftirlitsmælingar, vinna gegn óþarfa sóun, nýta tækninýjungar, fjölga mælum til að bæta sýn á og stýra dreifingu frá framleiðslu til neytenda	 
	Örverumengun í vatnsbólum vegna flóða í leysinga- og úrkomuatburðum	Lýsa vatn, úrbætur á vinnsluholum, auka forða af miklum gæðum, auka eftirlitsmælingar, stýra vatnsgæðum og forða og stýra landnotkun við vatnsból	
	Gróðureldar valda tjóni á mannvirkjum og mengun í vatnsbóli	Viðbragðsáætlun, úrbætur og samráðshópur	  
	Flóð vegna úrkomuákefðar og leysinga	Kerfislikön, aðgreining, afkastaaukning og blágrænar ofanvatnslausnir	
	Flóð vegna hárrar sjávarstöðu	Endurskoðun hönnunarforsendna og frumkvæði í samvinnuverkefnum	

Mynd 3 Loftslagsáhættur. Aðlögun að loftslagsbreytingum: vatns- og fráveita

	HÆTTA OG ORSAKIR	RÁÐSTAFANIR	
	Flóð í kjöllum vegna úrkomuákefðar, leysinga og hárrar sjávarstöðu	Staðsetning dreifistöðva í hönnun Upplýsingar og samtal við skipulagsyfirvöld	 
	Eldingar slá út búnaði og valda rafmagnsleysi	Eldingarvarar í öll mannvirki og allur búnaður í jörðu	
	Hitasveiflur og þurrkar draga úr afkasta- og dreifigetu og endingu búnaðar	Innleiðing snjallmæla, varmaleiðandi jarðvegur í kringum jarðstrengi Auka svigrúm til að mæta minni flutningsgetu	  
	Erfitt að anna sveiflum í eftirspurn vegna hitasveiflna	Vegvísir um 100 ára sýn á auðlindir og aflspár miðað við fjölda íbúa Bætt nýting, djúpdælar, sumarhvíld	
	Eldingar slá út búnaði og valda rafmagnsleysi	Eldingarvarar í öll mannvirki	

Mynd 4 Loftslagsáhættur. Aðlögun að loftslagsbreytingum: rafveita og hitaveita.

Stjórn OR hefur nú kallað eftir uppfærslu á stöðu aðlögunar að loftslagsbreytingum. Unnið er að þeirri uppfærslu þar sem farið er yfir framfarir frá útkomu síðustu skýrslu árið 2021 og auk Veitna verður fjallað um hin félög OR; Orku náttúrunnar (ON), Ljósleiðarann og Carbfix. Áhersla er lögð á að sýna framfarir frá síðustu skýrslu, skoða og meta aðlögunarkosti og stöðu aðgerðaráætlunar. Vonast er til að vinnu ljúki fyrir árslok 2022.



⁶ Sædis Ólafsdóttir, Kári Helgason, Hólmfríður Sigurðardóttir, Hólmfríður Bjarnadóttir, Hildigunnur H. Thorsteinsson, Hlöðver S. Þorgeirsson, Sverrir Guðmundsson, Sigrún Tómasdóttir, Arna Pálsdóttir, Egill Maron Þorbergsson og Kári Hreinsson (2021). Aðlögun OR samstæðunnar að loftslagsbreytingum. Orkuveita Reykjavíkur.

4.1.5 Starfsfólk – starfsumhverfi framtíðar

Stefnuverkefnið um **Starfsfólk og starfsumhverfi framtíðar** snýr að breytingum á störfum og starfsumhverfi, með hvaða hætti jafnræði er tryggt og gætt sé að því að ekki skapist aðstöðumunur. Gerð var greining með þetta fyrir augum og úr þeirri greiningu komu nýjar áherslur mannauðs og menningar hjá OR sem hafa verið innleiddar og er þessu verkefni nú lokið eins og það var skilgreint og OR stefnir hraðbyr inn í framtíðina.

Til þess að tryggja það að aðstöðumunur skapist ekki og til að tryggja að öll störf njóti jafnræðis hefur verið skoðað hvernig auka má sveigjanleika í ólíkum störfum. Eðli málsins samkvæmt er ekki sami sveigjanleiki í öllum störfum en það hefur meðal annars verið horft til þess hvernig búið er til sveigjanlegt starfsumhverfi. Það er til dæmis gert með heimavinnusamningum og heildstæðri nálgun á vellíðan starfsfólks. Um fjórðungur starfsfólks er með heimavinnusamning. Þá er einnig horft til yfirstandandi framkvæmda á vesturhúsi og að innrétta vinnustaðinn þannig að hann gefi færi á ólíkri vinnuástöðu fyrir mismunandi störf til framtíðar. Í þessari vinnu er horft til þeirrar menningar sem OR vill skapa og auðvelda starfsfólki í ólíkum hlutverkum að vinna saman. Á þessari vegferð eru starfsánægjukannanir tíðari, en mánaðarlega er tekinn svokallaður „mannauðspúls“ sem stuðlar að virkari endurgjöf.



4.1.6 Orkuskipti og framtíðarorkumarkaður

Þetta forgangsmál snýr meðal annars að **orkuskiptum í höfnum, álags- og notkunarstýringu samhliða snjallvæðingu**.

Veitur sem sérleyfishafi og aflvaki **orkuskipta** styðja við þessa vegferð með beinum aðgerðum og með því að hafa áhrif á umræðuna. Veitur vinna að undirbúningi nýrrar aðveitustöðvar samhliða því að skipaflutningsfyrirtæki eru að undirbúa sína starfsemi til að rafvæðast. Þörf er á öflugri aðkomu opinberra aðila til þess að þetta takist. Vegferðin er hafin hjá Faxaflóahöfnum en ekki liggur fyrir skýr stefna að draga úr losun við hafnir né stuðningur ríkis við það.

Nú stendur yfir endurnýjun á öllum sölumælum Veitna og í þeirra stað eru settir snjallir mælar. Það sem einkennir snjalla mæla umfram núverandi eru möguleikar þeirra til að mæla orkunotkun og afhendingargæði orkunnar á allt að 15 mínútna fresti og skila upplýsingum þar að lútandi sjálfvirk til innri upplýsingakerfa Veitna. **Snjallmælaverkefnið** leggur grunn að fjölþættum möguleikum í þjónustu við viðskiptavinum, nýjungum í verðskrá, eftirliti með afhendingargæðum, ástandsstýringu í viðhaldi veitukerfanna auk vöktunar á álagi í kerfunum. Snjallir mælar gefa viðskiptavinum Veitna ýtarlegar upplýsingar um orkunotkun og möguleika á að spara orku eða nýta hana betur. Búið er að skipta um 12% mælanna og er markmiðið að verkefninu ljúki ekki síðar en í ársbyrjun 2025. Verkefnið hefur ekki farið varhluta af því álagi sem er á aðfangakeðjur í heiminum í dag og framvindan því ekki samkvæmt áætlun. Að öðru leyti gengur verkefnið vel, er innan kostnaðaráætlunar og gæðamælingar koma vel út.

Þá stendur einnig yfir „Hlöðum betur“ stefnuverkefni sem miðar að því að kanna hvernig hægt er að **dreifa álagi** rafbílahleðslu og nýta raforkuferfið betur með því að prófa mismunandi gerðir álagsstýringa (verðstýringar og beinar stýringar) og upplifun viðskiptavina af því. Rannsóknin er hluti af Sparcs, sem er rannsóknarverkefni sem er með áherslu á vistvænar borgir en verkefnið er styrkt að hluta til af nýsköpunarsjóði Evrópusambandsins, Horizon 2020. Í rannsókninni eru 130

þátttakendur í sérbylí og 25 í fjölbylí sem öll fá snjallmæli og frí afnot af hleðslustöð meðan á verkefninu stendur.

Á aðalfundi OR þann 28. apríl 2022 lagði Sævar Freyr Þráinsson fram tillögu bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar til aðalfundar þess eðlis að stjórn OR leggi aukna áherslu á framleiðslu og sölu raforku í starfsemi sinni. Fyrirsjáanlegur sé mikill vöxtur í eftirspurn eftir grænni orku sem framleidd sé með sjálfbærum hætti. Erindinu var frestað til framhaldsaðalfundar.

Á stjórnarfundum 8. mars 2022 óskaði Eypór Laxdal Arnalds að stjórn ræddi um það hvernig samstæða OR gæti nýtt sem best þá orkukosti og auðlindir, sem fyrirtækin hafa yfir að ráða. Einnig að upplýst yrði um stöðu orkukosta í Rammaáætlun.



5 Ákvarðanir sem hljóta skulu samþykki eigenda

Þann 3. maí 2022 samþykkti borgarstjórn Reykjavíkur almenna eigandastefnu vegna eignarhalds borgarinnar í félögum þar sem hún er meirihlutaeigandi. Stefnan nær því til Orkuveitu Reykjavíkur (OR). Tilgangur hennar er „...að marka stefnu Reykjavíkurborgar vegna eignarhalds í fyrirtækjum og kveða á um skipulag og stjórnarhætti borgarinnar sem eiganda þeirra, ásamt því að stuðla að gegnsæi þar að lútandi.“ Þá þegar hafði stjórnkerfi Reykjavíkurborgar verið breytt og sett á stofn eigandafyrirsvar þar sem borgarstjóri ber ábyrgð á eigandafyrirsvari en borgarritari ber ábyrgð á framkvæmd stefnunnar.

Mörg ákvæði stefnunnar eru samhljóða ákvæðum í eigendastefnu OR og í heild er stefnan í samræmi við þá stjórnarhætti sem komið var á með endurskoðun sameignarsamnings um OR árið 2014. Kjósi eigendur OR sameiginlega að taka upp ákvæði stefnu Reykjavíkurborgar kemur til rýni Sameignarsamnings auk nokkurra skjala í Rekstrarhandbók og stefnumótun OR, s.s. fyrirkomulag eigendafunda, rýni siðareglna og skráning samskipta.

Í stefnunni er gert ráð fyrir skráningu ferla í samskiptum, t.d. varðandi fjárhagsspár og aðrar rekstrarlegar upplýsingar. Þar sem OR er útgefandi skráðra skuldabréfa á markaði þarf að rýna sérstaklega kröfur eigendastefnunnar um upplýsingagjöf áður en til samþykktar fjárhagsspár kemur. Þær þarf að samræma kröfum kauphallar og fjármálaeftirlits um upplýsingagjöf til markaðar.

Skráning slíkra samskiptaferla gefur færi til frekari umbóta í samskiptum OR og eigenda. Þetta varðar meðal annars ákvarðanir sem eigendastefna OR eða sameignarsamningur kalla á að staðfestar séu af eigendum. Á síðustu misserum hafa nokkur mál liðið fyrir tafir á að afstaða eigenda OR hafi verið tekin og má það vafalaust rekja að einhverju leiti til skorts á skráðu verklagi.

Á árunum 2021 (Akraneskaupstaður og Borgarbyggð) og 2022 (Reykjavíkurborg) staðfestu eigendur samþykkt stjórnar OR um stofnun nýs dótturfélags Carbfix ohf., Carbfix hf. til fjármögnunar Carbfix verkefna.

6 Lokaorð

Með þessari skýrslu um framfylgd eigendastefnu hafa eigendur samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur (OR) verið upplýstir um það með hvaða hætti stefnu þeirra er fylgt eftir. Rík áhersla hefur verið á það lögð að innleiða eigendastefnuna með markvissum og skilvirkum hætti enda er hún veigamikill hluti stjórnarháttanna OR og stefnumiðaðrar stjórnunar samstæðunnar. Af þessum ástæðum er talað um stefnumiðaða stjórnarhætti hjá OR. Þeir eru hluti af innri gæða- og áhættustýringu OR samstæðunnar og styrkja eftirlitsumhverfi fyrirtækisins.

Í skýrslunni er gerð grein fyrir hverju forgangsmáli sem stjórn OR hefur skilgreint og farið yfir stöðu þeirra. Árangur sem náðst hefur í innleiðingu stefnumiðaðra stjórnarháttanna hjá samstæðu OR hefur vakið athygli héraðs sem erlendis. Þeirri forystu og þeim sessi sem samstæðan skipar verður viðhaldið með því að halda áfram að þróa og þroska stefnumiðaða stjórnun. Í skýrslu þessari er lögð fram og reifuð hugmynd um rýni stefnumótunarkafla eigendastefnunnar, sem trú er á að verði til frekari framþróunar stefnumiðaðra stjórnarháttanna samstæðunnar. Þá er og hvatning til rýni stefnunnar í heild sinni vegna breytinga sem orðið hafa á ýmsu í umhverfi starfseminnar á síðasta áratug. Þær eru tilefni til skipulegs samtals eigenda um áherslur í starfseminni.

[Click here to enter text.](#)

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur - SF 325
Sendandi: Hólmfríður Sigurðardóttir, umhverfisstýra OR
Dagsetning: 24. nóvember 2022
Efni: Umhverfismál fyrir stjórn OR 28. nóvember 2022. Staða þriggja árangursmælikvarða sem falla undir árangursvögina „Umhverfi og samfélag“

Heiti mælikvarða	2019				2020				2021				2022			
	1. ÁF	2. ÁF	3. ÁF	4. ÁF	1. ÁF	2. ÁF	3. ÁF	4. ÁF	1. ÁF	2. ÁF	3. ÁF	4. ÁF	1. ÁF	2. ÁF	3. ÁF	4. ÁF
Opinber leyfi Carbfix í gildi og uppfyllt																
Opinber leyfi Veitna í gildi og uppfyllt																*
Opinber leyfi ON í gildi og uppfyllt																**
Styrkur brennisteinsvetnis í andrúmslofti																
Staða loftslagsmælikvarða																

*4.ÁF: Utanvegaakstur á vatnsverndarsvæði og óhreinsað skólp í sjó.

**4.ÁF: Varmamengun í lindum við Þingvallavatn, varmalosun við Nesjavallavirkjun og Hellisheiðarvirkjun, jarðskjálfti 3,2 nálægt Hverahlíð

Opinber leyfi OR, ON, Veitna og Carbfix í gildi og uppfyllt

ORKUVEITA REYKJAVÍKUR:

- **Árbæjarkvísl Elliðaáa.** Hrygning laxins hefur eflst talsvert í Árbæjarkvísl samkvæmt rannsóknarniðurstöðum Laxfiska en Árbæjarkvísl rennur um hluta fyrrverandi inntakslóns Elliðaárvirkjunar. Samkvæmt bráðabirgðaskýrslu Verkis um fugla sjást ekki miklar breytingar á svæðinu milli ára. Von er á ýtarlegri skýrslum frá vísindafólki síðar í vetur. Endurheimt staðargróðurs í botni fyrrverandi inntakslóns hefur gengið vel.

ORKA NÁTTÚRUNNAR:

Andakílsárvirkjun. Vatnshæð Skorradalsvatns hefur verið innan marka þar sem af er nóvember.

Leyfi og eftirlit:

- Aukin losun jarðhitavatns á yfirborð við Nesjavallavirkjun í lok október vegna rannsókna ÍSOR á niðurrennslisholum. Tilkynt.
- Aukið rennsli á yfirfall Hellisheiðarvirkjunar seinni hluta október vegna viðhalds í varmastöð. Tilkynt.
- Jarðskjálfti 3,2 að stærð nálægt vinnslusvæði í Hverahlíð í byrjun nóvember. Engin breyting var á rekstri virkjana en skjálftinn varð á svæði þar sem jarðvarmavinnsla gæti hafa breytt spennusviði. Tilkynt.

Samskipti við hagsmunaaðila:

- Fundur landeigenda og annarra hagsmunaaðila Andakílsárvirkjunar var haldinn 2. nóvember sl. Fjallað var um vatnshæð Skorradalsvatns, framkvæmdir við inntakslón, bakkavarnir, lífríki Andakílsár og önnur umhverfismál í tengslum við virkjunina.

Forðagæsla: Sjá minnisblað framkvæmdastýru Rannsókna og nýsköpunar.

VEITUR:

Vatnsveita: Bifreið var ekið utan vegar í Heiðmörk. Lögregla var kölluð á vettvang, engin ummerki um olíuleka.

Hitaveita: Vakín athygli á áskorunum hitaveitunnar til að mæta aukinni eftirspurn. Sjá nánar kynningu Veitna og RoN.

Rafveita: Olíuspennir var settur upp á brunnsvæði vatnsverndar í Mosfellsbæ þar sem nota á þurrspenni. Búið er að rótargreina atvikið, ákveða úrbætur og verður spennirinn fjarlægður á næstu vikum.

Fráveita:

- Í Skeljanesi opnaðist neyðarlúga í 6 klst. það sem af er nóvember vegna úrhellis og háspennubilunar. Tilkynt.
- Í Laugalæk opnaðist neyðarlúga í 3 klst. það sem af er nóvember vegna úrhellis. Tilkynt.
- Í hreinsistöð við Klettagarða opnaðist neyðarlúga í 3,5 klst. það sem af er nóvember vegna úrhellis. Tilkynt.

Leyfi og eftirlit: Ekkert nýtt.

Forðagæsla: Sjá minnisblað framkvæmdastýru Rannsókna og nýsköpunar.

CARBFIX:

- Sjá umfjöllun um mat á umhverfisáhrifum að neðan.

Styrkur brennisteinsvetnis í andrúmslofti

- Styrkur brennisteinsvetnis hefur verið undir reglugerðarmörkum það sem af er ári.
- Loftgæðamælistöðin í Hveragerði er biluð og er beðið eftir varahlutum.

Loftslagsmál

Áhrif loftslagsbreytinga á starfsemi samstæðu OR: Vinna að minnisblaði um aðlögun OR samstæðu að loftslagsbreytingum, 2. áfangi, er langt komin. Í minnisblaðinu verður fjallað um árangur frá síðustu skýrslu, loftslagsáhættur og aðlögunarkosti og næstu skref fram veginn ásamt stöðu samstarfs við hagsmunaaðila. Gert ráð fyrir að minnisblaðið verði kynnt í stjórn OR eftir áramótin.

Kolefnisjöfnun og vottun:

- Umhverfisstýra hefur hvatt dótturfélög OR til að kolefnisjafna reksturinn með vottuðum kolefniseiningum m.a. með því að styðja við [verkefni í þróunarlöndunum á vegum Sameinuðu þjóðanna \(Sp\)](#). OR hefur undanfarin ár keypt einingar af Sp ásamt af Votlendissjóði og Kolviði til að jafna losun frá bílafloata, flugferðum ofl. Unnið er að vottun hjá Votlendissjóði og Kolviði og gert er ráð fyrir að vinnu ljúki árið 2023. Umhverfisstofnun hvetur fyrirtæki til að styðja við verkefni þar sem kolefniseiningar eru vottaðar.

- Umhverfismál OR vinna að undirbúningi á vottun kolefnisbindingar í gróðri og jarðvegi á lendum OR en bindingin er metin um 7.000 tonn CO₂ ígilda. Þar sem bindingin er á landi OR og fyrirtækið nýtir hana í eigin þágu í kolefnisbókhaldi sínu, er OR ekki skylt að votta þessar einingar. Hins vegar er ljós að gangi öll áform eftir um að samstæða OR verði sporlaus árið 2030, kunna að vera tækifæri í framtíðinni að koma þessari bindingu í verð og það kallar á vottun.

Annað

Umsagnir um lög, reglugerðir, skipulagsáætlanir ofl:

- Veitur hafa sent umsögn um Grænbók um líffræðilega fjölbreytni íslenskra vistkerfa í samráðsgátt stjórnvalda. Umsögnin snéri að því hvernig blágrænar ofanvatnslausnir geta stuðlað að líffræðilegri fjölbreytni í þéttbýli og að ábyrgð á framfylgd stefnu stjórnvala um aukna líffræðilega fjölbreytni þurfi að vera skýr svo hún nýtist með markvissum hætti í þróun ofanvatnskerfa.

Mat á umhverfisáhrifum ofl:

- Þann 4. nóvember sl. tók Skipulagsstofnun ákvörðun um að Hverahlíðarlögn II í Sveitarfélaginu Ölfusi væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum.
- Þann 9. nóvember sl. var matsáætlun Coda Terminal auglýst á vefsíðu Skipulagsstofnunar. Matsáætlun er fyrsta skrefið í umhverfismati Coda.

Þekkingarmiðlun:

- Hugum að hitaveitunni, er nóg til?“ var yfirskrift á opnum fundi Samorku þann 17. nóvember sl. Framkvæmdastýra Rannsóknna og nýsköpunar hjá OR flutti erindi um „Lífsgæði til framtíðar: áskoranir hitaveitunnar“ og veitti innsýn í starfsemi Veitna, stöðuna á hitaveitunni á höfuðborgarsvæðinu og hvernig unnið er að því að finna lausnir til orkuöflunar svo anna megi eftirspurnin eftir heitu vatni.
- Í tilefni af evrópskri nýtnivíku 2022 hefur verið fjallað um málefnið á innra neti OR samstæðu alla vikuna.
- Örnámskeið í frágangi á grónu landi verður haldið fyrir Veitur 25. nóvember nk.
- Unnið að uppsetningu kynningarefnis um landgræðslu og endurheimt staðargróðurs í jarðhitasýningu ON á Hellisheiði.
- Heimsókn umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra ásamt starfsfólki í Hellisheiðarvirkjun 24. nóvember. Yfirskrift heimsóknarinnar er „Í átt að kolefnishlutleysi á ábyrgan hátt“. Forstjóri OR, framkvæmdastýrur ON, Veitna, RoN og Carbfix ásamt umhverfisstýru halda stutt erindi um málefnið.

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Bjarni Bjarnason, forstjóri
Sendandi: Hera Grímsdóttir, Ingvi Gunnarsson og Vala Hjörleifsdóttir
Dagsetning: 24. nóvember 2022
Efni: **Minnisblað forðagæslu**

Uppfærsla auðlindamælikvarða haust 2022

Auðlindamælikvarðar fyrir hitaveitur og vatnsveitur Veitna voru uppfærðir í október og má sjá uppfærsluna í töflum 1 og 2. Veiturnar eru flokkaðar niður í svæði þar sem það á við. Einkunnin fyrir forða, og í tilfalli hitaveitunnar forða og uppsett afl, er gefin fyrir veituna í heild sinni en aðrar einkunnir eru gefnar fyrir hvert undirsvæði, séu þau til staðar. Settur er plús (+) eða mínus (-) á ljósið ef breyting varð frá síðustu uppfærslu.

Auðlindamælikvarðar fyrir vatnsveitu

Staða forða í vatnsveitu Akraness, Borgarness, Bifrastar og nærsveita og í Úthlíð er metin alvarleg. Afkastageta veitanna er metin ófullnægjandi ef kæmi til langavarandi þurrka á veitusvæðinu. Gæði vatns eru yfirleitt góð þó svo gæðin séu metin ófullnægjandi í Grábrók þá hafa gæði vatns sem dreift er til notenda í veitunni verið góð þar sem fleiri svæði sjá veitunni fyrir vatni. Unnið er að því að bæta forðamálin í vatnsveitu Borgarness, Bifrastar og nærsveita með borun nýrra vinnsluhola sem fjallað er um neðar í minnisblaðinu. Hægt hefur gengið að bæta stöðu forða í vatnsveitu Akraness vegna þess að ekki hafa tekist samningar á milli Veitna og landeigenda þeirra svæða sem vænleg eru til vatnstöku og kostnaður við sjólögn frá Kjalarnesi er hár.

Helstu breytingar frá því að auðlindamælikvarði neysluvatns var uppfærður síðasta vor eru þær að nú er gefið gult ljós fyrir liðinn „umferð ökutækja“ fyrir Slöguveitu og að nú hefur vatnsbólí Veitna að Vallá á Kjalarnesi verið bætt við mælikvarðann. Þetta vatnsból er notað sem varavatnsból fyrir Kjalarnes og er það einnig notað af eiganda jarðarinnar.

Auðlindamælikvarðar hitaveitu

Staða virkjaðs afls í fjórum af 13 hitaveitum veitna er metin alvarleg og varhugaverð í öðrum þremur. Enn fremur er staða forða til framtíðar metin alvarleg eða varhugaverð í 7 hitaveitum. Þrjú mælikvarðar hækka í grænt. Ekki hefur tekist að ljúka verkefnum sem áttu að koma kvarðanum um virkjað afl á grænt í Stykkishólms- og Rangárveitu en áætlað er að þeim ljúki fyrir áramót og því eru ekki áhyggjur af því að í veitunum verði skortur á hitaveituvatni í vetur.

Alvarlegust er staða virkjaðs afls í hitaveitu höfuðborgarsvæðisins. Ekki er víst að aflgeta veitunar dugi til að mæta áætlaðri hámarksnotkun næsta vetrar án skerðinga. Nýjasta aflþarfaspá gerir ráð fyrir 17-19 þúsund m³/klst (um 4.700-5.300 L/s) á meðan núverandi afkastageta er metin 17-18 þúsund m³/klst (um 4.700-5.000 L/s). Stefnt var að því að setja niður þrjár öflugar djúpdælar í Reykjahlíð í sumar og haust en frestun á afhendingu á búnaði varð til þess að ekki verður hægt að ráðast í þær framkvæmdir fyrr en á næsta ári. Einnig var ætlunin að hreinsa útfellingar innan úr Nesjavallalæð til að auka flutningsgetu hennar en það verkefni frestaðist einnig.

Tafla 1. Auðlindamælikvarðar fyrir vatnsveitu Veitna október 2022.

Veita	Svæði	Ógnir í vatnsvernd					
		Forðastaða í veitu	Gæði vatns	Gagnasöfnun	Brunnsv. Skilgr.	Dýrahald	Umferð ökutækja
Reykjavík og nágrenni		●					
	Gvendarbrunnar		●	●	●	●	●
	Jaðar		●	●	●	●	●
	Myllulækur		●	●	●	●	●
	Vatnsendakriki		●	●	●	●	●
	Vallá		●	●	●	●	●
Grundarfjörður		●	●	●	●	●	●
Stykkishólmur		●	●	●	●	●	●
Borgarnes, Bifröst og nærsveitir		●					
	Grábrókarveita		●	●	●	●	●
	Seleyri		●	●	●	●	●
	Hafnir (Lindaveita)		●	●	●	●	●
Reykholtssdalur		●	●	●	●	●	●
Hvanneyri		●	●	●	●	●	●
Akranes		●					
	Berjadalsá		●	●	●	●	●
	Slaga		●	●	●	●	●
	Óslækur		●	●	●	●	●
Úthlíð		●	●	●	●	●	●

Meira en helmingur vatnsins í dreifikerfi hitaveitu höfuðborgarsvæðisins kemur frá Hellisheiðar og Nesjavallavirkjun. Hægt er að hækka hitastig framleiðsluvatns frá virkjununum en það er í sumum tilfellum á kostnað raforkuframleiðsu. Hækkun á hitastigi minnkar eftirspurn eftir vatni og hefur þessari aðgerð verið beitt þegar eftirspurnin er mest.

Mælikvarðar fyrir auðlindagögn voru hækkaðir fyrir Grímsnes- og Hlíðarveitu þar sem búið er að koma fyrir sísmælingu á yfirfalli frá skilju í Hlíðarveitu og hola ÖN-29 í Grímsnesveitu fékk nýja borholudælu í maí og um leið var vatnsborðsmælingin í holunni löguð. Í Hveragerði voru holur HV-02 og HS-09 hreinsiboraðar nú í haust. Útlit er fyrir að reksturinn verði í þökkalegu ástandi í vetur.

Mörgum verkefnum miðað vel áfram á Vesturlandi. Ný borhola er kominn í Bæjarsveit sem virkjuð verður á næsta ári, ný og öflugri borholudæla í Munaðarnesi, ný bakrásardæla í Stykkishólmi, lokið við afkastaprófun í Skorradal ásamt því að stefnuverkefni um Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar er komið á fullt skrið. Einnig er lokið endurnýjun á öllum lögnum frá hverum í Deildartungu og uppfæra dælubúnað í dælustöðinni þar. Í Skorradal hækkað mælikvarði fyrir forða til framtíðar þar sem prófun vinnsluholu sýnir að hún geti afkastað mun meira en áður var talið.

Tafla 2. Auðlindamælikvarðar fyrir hitaveitu í október 2022.

Veita	Svæði	Virkjað afl	Forði til framtíðar	Auðlindanýting	Auðlindagögn	Hiti	Efnainnihald	Vatnsborð
Hitaveita höfuðborgarsvæðisins		●	●					
	Reykjahlíð			●	●	●	●	●
	Reykir			●	●	●	●	●
	Elliðaárdalur			●	●	●	●	●
	Laugarnes			●	●	●	●	●
Austurveita		●	●	●	●	●	●	●
Grímsnesveita		●	●	●	+	●	●	●
Hlíðarveita		●	●	●	+	●	●	●
Rangárveita		●	●					
	Laugaland			●	●	●	●	●
	Kaldárholt			●	●	●	●	●
Þorlákshafnarveita		●	●	●	●	●	●	●
Ölfusveita		●	●	●	●	●	●	●
Hveragerðisveita		●	●	●	●	●	●	●
Skorradalsveita		●	+	●	●	●	●	●
Munaðarnesveita		●	●	●	●	●	●	●
Norðurárdalsveita		●	●	●	●	●	●	●
Hitaveita Akranes og Borgarfjarðar		●	●					
	Bæjarsveit			●	●	●	●	●
	Deildartunguhver			●	●	●	●	●
Stykkishólmsveita		●	●	●	●	●	●	●

Prófanir á nýjum neysluvatnsholum í vatnsveitu Borgarness, Bifrastar og nærsveita

Afkastaprófunum á neysluvatnsholum sem boraðar voru á Seleyri og í Grábrókarhrauni í sumar er nú lokið. Mæld afkastageta var í samræmi við væntingar til verkefnanna. Þessum holum er ætlað að bæta forðastöðu veitunar því óvissa er um að afkastageta hennar sé nægileg í miklum þurrkum.


Nýjum vinnsluholum á Seleyri er ætlað að taka við af gömlum vinnsluholum sem eru þar fyrir. Afkastaprófunin sýnir að holurnar geti gefið samtals meira en 30 L/s án mikils niðurdráttar en það er það magn sem talað eru um að svæðið geti gefið án þess að hætta sé á söltu innstreymi. Samspil vinnslu og innstreymis saltara vatns er hins vegar ekki nægilega vel þekkt og til að varpa betra ljósi á það verða settar upp símælingar á efnainnihaldi vatnsins í nýrri dælustöð á Seleyri. Virkjun á þessum nýju holum mun bæta forðastöðu veitunnar en út frá ofan sögðu liggur ekki fyrir nákvæmlega hve mikil sú viðbót mun vera og þar með hvort forðastaðan muni teljast góð með virkjun holanna.

Dæluþrófun á holunni í Grábrókarhrauni sýnir að holan geti gefið 5 til 8 L/s sem er í samræmi við væntingar sem gerðar voru. Nánari greiningarvinna er í gangi þar sem borið saman er magn og hegðun gruggs í nýju tilraunaholunni og núverandi holum.

Staða lághitasvæða höfuðborgarsvæðisins

Markvisst hefur verið unnið að því að lágmarka vinnsla úr lághitasvæðum höfuðborgarsvæðisins til að vera betur undirbúin fyrir mikla eftirspurn í kuldaköstum. Sem lið í því var engin vinnsla úr lághitasvæðunum frá byrjun júní fram í byrjun september. Þessi hvíld varð til þess að í haustbyrjun var vatnsborð í hæstu stöðu síðustu áratugi. Staða lághitasvæðana nú er ennþá mjög góð (mynd 1). Vatnsborð í Laugarnessvæðinu og Reykjahlíð hefur ekki verið hærra miðað við árstíma frá aldarmótum og vatnsborð á Reykjum er nærri hæstu stöðu. Vatnsborð í Elliðaárvæðinu, sem er minnst mikilvægt lághitasvæðana, er eins og í meðalári.

Þessi góða staða eru jákvæðar fréttir fyrir hitaveituna og gerir það að verkum að afkastageta hennar verður meiri þegar á reynir þegar eftirspurnin verður sem mest í vetur.



Mynd 1. Staða vatnsborðs lághitasvæða höfuðborgarsvæðisins. Gráar línur er hæsta og lægsta staða vatnsborð á hverjum tíma, gul lína er meðalvatnsborð, ljósblá staða vatnsborðs á síðasta vatnsárs og dökkblá staða þessa árs.

Blöndun – Sameining dreifikerfis

Tilraunir frá því í sumar lofa góðu og er vísbending um að búnaður í kerfi á fullum skala getir verið minni í umfangi en upphaflega var gert ráð fyrir.

Markmið þessara tilrauna var að lækka magnesíumstyrk í framleiðsluvatni Hellsheiðar undir 0,5 mg/kg í tilraunakerfi og gera það á sem skemmstum tíma.

Næstu skref fela í sér svipaðar flæðistilraunir og framkvæmdar voru í sumar en á nokkuð stærri skala þar sem líkja má betur eftir raunskilyrðum hita og flæðis kerfa sem verða í fullri stærð. Næsti hluta rannsóknarverkefnisins var samþykktur af stjórn ON og stefnt er að því hann hefjist í janúar 2023 og standi til 2023-2024.

NN-10 niðurdælingarholan á Nesjavöllum

Ný niðurdælingarhola (NN-10) var boruð við Nesjavallavirkjun í sumar og er það fyrsta djúpa niðurdælingarholan sem boruð er fyrir virkjunina. Áður hefur hluta jarðhitavatnisins verið dælt niður í ónýtta vinnsluholu.

Fyrstu hitamælingar úr holunni gáfu til kynna að mögulega gæti svæðið sem hún var boruð í verið vænlegt vinnslusvæði. Þess vegna var ákvörðun um að tengja holuna við niðurdælingarveituna frestað og frekari mælingar gerðar til að meta fýsileika hennar sem vinnsluholu. Ný hitamæling sem gerð var í lok október ásamt nánari greiningu á jarðfræði og lekt í holunni gefur til kynna að holan er ekki vænlegur kostur sem vinnsluhola. Mat á viðtöku holunnar sem niðurdælingarholu er 150 - 200 kg/s og því er ljóst að þetta er vel heppnuð niðurdælingarhola.

Aukin niðurdæling á Nesjavöllum bætir umhverfismál virkjunarinnar og vonast er til að niðurdælingin muni hægja á þrýstifalli í jarðhitakerfinu og lengja líftíma svæðisins.

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur
Sendandi: Elín Smáradóttir
Dagsetning: 21. nóvember 2022
Efni: **Tillaga um að fylla Árbæjarlón**

Á 324 fundi stjórnar OR þann 31. október 2022 lögðu Eyþór Laxdal Arnalds og Kjartan Magnússon fram svohljóðandi tillögu:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að brugðist verði við niðurstöðu úrskurðarnefndar um umhverfis- og auðlindamál án tafar þannig að Árbæjarlónið verði fyllt að nýju í samræmi við gildandi deiliskipulag.

Rétt er að taka fram að í tilvísuðum úrskurði tók úrskurðarnefndin ekki afstöðu til kröfu sem kærandi gerði um að “Orkuveitu Reykjavíkur verði gert án tafar að mynda Árbæjarstíflulón að nýju”. Hefur niðurstaða úrskurðarnefndarinnar um að tæming Árbæjarlóns sé framkvæmdaleyfisskyld því ekki í för með sér neina skyldu til framkvæmda af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur.

Niðrustaða úrskurðarnefndarinnar í máli nr. 24/2022 er, að telja verði:

„ljóst að sú aðgerð að tæma Árbæjarlón hafi verið framkvæmd sem áhrif hafi haft á umhverfið og breyti ásýnd þess. Í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi kemur fram að allar framkvæmdir sem teljist meiriháttar, hafi áhrif á umhverfið og breyti ásýnd þess skuli vera í samræmi við skipulagsáætlanir. Óheimilt sé að hefja slíkar framkvæmdir nema fyrir liggi samþykki leyfisveitanda um útgáfu framkvæmdaleyfis og að framkvæmdaleyfi hafi verið gefið út. Í 3. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar segir að við mat á því hvort framkvæmd teljist meiriháttar skuli hafa til hliðsjónar stærð svæðis og umfang framkvæmdar, varanleika og áhrif á landslag og ásýnd umhverfisins og önnur umhverfisáhrif. Í 1. mgr. 5. gr. téðrar reglugerðar eru taldar í dæmaskyni framkvæmdir sem geta verið háðar framkvæmdaleyfi. Þar eru m.a. nefndar stíflur eða breytingar á árfarvegi en tekið fram að það gildi þó ekki um stíflur vegna virkjana. Í svari skipulagsfulltrúa til kæranda er vakin athygli á þessu. Í máli þessu er ekki deilt um stíflumannvirkið sjálft heldur tæmingu þess lóns sem stíflan myndar. Virðist nærtækt að líta á þá framkvæmd sem breytingar á vatnsfarvegi sem geti eftir atvikum fallið undir ákvæði XVI. kafla, sbr. einnig ákvæði VI. kafla vatnalaga nr. 15/1923, en fram hefur m.a. komið við meðferð þessa máls að unnið sé að svonefndri niðurlagningaráætlun vegna Árbæjarstíflu með vísun til 79. gr. laganna.“

Um frekari rökstuðning er ekki að ræða af hálfu nefndarinnar.

Þar sem Árbæjarstífla er hluti af Elliðaárvirkjun, en sem kunnugt er hefur rekstri hennar verið hætt, og fyrir liggur að Árbæjarlón myndast vegna stíflunnar, eða réttara sagt vegna stýringar á búnaði hennar, verður að telja ljóst að hvorki Árbæjarstífla né Árbæjarlón falli undir skilgreiningu ákvæðis 5. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdir sem eru háðar framkvæmdaleyfi. Í varanlegri tæmingu Árbæjarlóns felst enda hvorki stíflugerð né breyting á stíflu, heldur er við þá athöfn einungis verið að nota búnað stíflunnar til þess að opna lokur hennar, þar sem rekstri virkjunar, sem veitti heimild til að stýra rennsli árinna, var hætt. Þá er vandséð hvort og þá hvernig varanleg tæming Árbæjarlóns kunni að teljast vera „framkvæmd“ í skilningi skipulagslaga eða þágildandi laga um mat á umhverfisáhrifum eða eftir atvikum fela í sér breytingu á árfarvegi. Sér í lagi þar sem árfarvegurinn helst óbreyttur þótt lónið sé ekki lengur til staðar.

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar leitaði þann 26. apríl 2021 eftir afstöðu Skipulagsstofnunar, annars vegar til þess hvort Orkuveitu Reykjavíkur hefði borið að tilkynna um opnun á lokum Árbæjarstíflu til stofnunarinnar vegna líklegra umhverfisáhrifa með vísan til þágildandi laga um mat á umhverfisáhrifum. Hins vegar óskaði sviðið eftir afstöðu Skipulagsstofnunar til þess hvort gera þyrfti grein fyrir varanlegri tæmingu lónsins í deiliskipulagi og þá hvenær það skyldi gert. Í svarbréfi Skipulagsstofnunar, dags. 3. maí 2021, er þeirri afstöðu lýst að ákvörðun Orkuveitu Reykjavíkur um að hætta að fylla og tæma Árbæjarlón árlega falli ekki undir lög um mat á umhverfisáhrifum sem þá voru í gildi, (en matsskyldar framkvæmdar skv. þeim lögum er sérstaklega tilgreindar sem framkvæmdaleyfisskyldar skv. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012). Því hafi Orkuveitu Reykjavíkur hvorki borið að afla umhverfismats eða framkvæmdaleyfis vegna varanlegrar tæmingar lónsins áður en lokur stíflunnar voru opnaðar varanlega. Jafnframt kemur fram í svarbréfi Skipulagsstofnunar að gera þurfi grein fyrir varanlegum breytingum á lóninu sem hafi áhrif á umfang lónsins og umhverfi þess í deiliskipulagi.

Í úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sem hér er til umfjöllunar er í engu vikið að tilvitnuðu álit Skipulagsstofnunar þess efnis að varanleg tæming Árbæjarlóns hafi ekki falið í sér matsskylda framkvæmd. Verður það að teljast bagalegt. Því er ekki unnt að ráða af tilvitnuðum úrskurði hvaða greinarmun úrskurðarnefndin gerir á skilgreiningu hugtaksins framkvæmdar, annars vegar samkvæmt skipulagslögum og hins vegar þágildandi lögum um mat á umhverfisáhrifum og þá með hvaða rökum. Þá er í úrskurðinum ekki að finna rökstuðning fyrir þeirri afstöðu nefndarinnar að í varanlegri tæmingu Árbæjarlóns hafi falist framkvæmd í skilningi ákvæða skipulagslaga þvert á ákvæði 1. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi.

Þá skal þess getið að í málinu liggur fyrir bréf Orkustofnunar, dags. 23. nóvember 2020, en þar kemur ekki fram að stofnunin telji að varanleg tæming Árbæjarlóns hafi verið tilkynningarskyld framkvæmd samkvæmt 145. gr. vatnalaga nr. 15/1923. Umrætt ákvæði er að finna í XVI. kafla vatnalaga, sem úrskurðarnefndin vísar til í niðurstöðu sinni.

Við umfjöllun um hvort fylla ætti lónið að nýju í samræmi við fyrirliggjandi tillögu verður að hafa í huga ákvæði vatnalaga, þar sem segir í 7. gr. að vötn öll skuli renna sem að fornu hafa runnið. Óheimilt er, nema sérstök heimild eða lagaleyfi sé til þess, að breyta vatnsbotni, straumstefnu, vatnsmagni eða vatnsflæði, hvort sem það verður að fullu og öllu eða um ákveðinn tíma, svo og að hækka eða lækka vatnsborð. Orkuveita Reykjavíkur lítur svo á, að heimild fyrirtækisins til að mynda Árbæjarlón og hækka og lækka vatnsborð hafi verið bundið við rekstur Elliðaárstöðvar og að eftir að rekstri stöðvarinnar var hætt sé slík heimild ekki lengur fyrir hendi. Því verður að telja ólíklegt að heimild Orkustofnunar og Fiskistofu skv. 7. kafla vatnalaga til að mynda lón að nýju yrði veitt, þar sem ekki er lengur um raforkuframleiðslu að ræða.

Þá er rétt að geta þess að verði tekin ákvörðun um að leggja af eða rífa niður mannvirki í vatni til vatnsnýtingar þarf til þess samþykki Orkustofnunar skv. 79. gr vatnalaga. Ákvörðun um niðurrif mannvirkja hefur ekki verið tekin, en ef til þess kæmi „*skal umhverfið fært eins og kostur er til fyrra horfs, þ.m.t. og eftir atvikum umhverfi uppistöðulóna og/eða lónin sjálf*“ eins og segir í erindi Orkustofnunar, dags. 23. nóvember 2020. Í 1. mgr. 79. gr. vatnalaga segir enn fremur að eigandi mannvirkis skuli leggja áætlun um niðurlagningu fyrir Orkustofnun til samþykktar. Orkuveita Reykjavíkur hefur unnið að undirbúningi slíkrar áætlunar og m.a. unnið áhættumat og kostnaðarmat í því sambandi.

Að undirbúningi framangreindrar áætlunar hefur starfsfólk Orkuveitu Reykjavíkur unnið ásamt ráðgjöfum, en fyrirhugað er að vinnan verði færð í hendur stýrihópi sem í verði fulltrúar fyrirtækisins, auk fulltrúa íbúaráðs Árbæjar og Norðlingaholts og umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar. Með því væri unnt að tryggja að sjónarmið íbúa á svæðinu og umhverfis- og skipulagsyfirvalda í Reykjavík kæmu með beinum hætti að vinnunni.



Staða niðurlagningaráætlunar Rafstöðvarinnar við Elliðaár til Orkustofnunar

VINNUSKJAL

SF 325 – 28. nóvember 2022

Eiríkur Hjálmarsson, verkefnisstjóri

Verkefni innan OR

Markmið

- Að fá samþykktu niðurlagningaráætlun Elliðaárstöðvar – „Skila Elliðaárdalnum“
 - Uppfylla ákvæði vatnalaga
 - Önnur atriði sbr. skýrslu stýrihóps Reykjavíkurborgar
 - Hagkvæmni til lengri tíma
 - Sátt við umhverfi
 - Sátt við samfélag

Skipulag

- Eigandi
Bjarni Bjarnason, forstjóri
- Verkefnisstjóri
Eiríkur Hjálmarsson
- Verkefnishópur
Birna Bragadóttir, Elliðaárstöð
Belinda Eir Engilbertsdóttir, lóðir og lendur
Breki Logason, samskipti
Elín Smáradóttir, lögfræði
Magnús Már Einarsson, fasteignir
Hólfríður Sigurðardóttir, umhverfismál

Hvernig stendur?

Vinna

- Vöktun umhverfisþátta
- Mótvægisáðgerðir á bökkum fyrrum Árbæjarlóns
- Greining Verkís á mannvirkjum
- Niðurlagningaráætlun í smíðum og þéttist eftir því sem gögn berast
- Áætlaður útlagður kostnaður
 - Niðurlagningaráætlun og sérstök vöktun
 - 25 mkr.
 - Framfylgd hennar og væntanlegs samnings
 - Óviss

Helstu gögn

- Fyrirliggjandi
 - Skýrsla stýrihóps Reykjavíkurborgar
 - Afstaða ýmissa hagsmunaaðila
 - Skýrslur um fuglalíf
 - Skýrslur Laxfiska um laxfiska
 - Umsagnir í tilefni tæmingar lóns
 - Minnisblað borgarlögmanns
 - Minnisblað Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur
 - Friðlýsingarskjöl
 - *Greiningarskýrsla Verkís á mannvirkjum og fyrsta kostnaðarmat valkosta - DRÖG*
 - *Niðurstaða ÁUA*
- Væntanleg
 - Skýrsla Verkís um byggingarsögu Árbæjarstíflu
 - Rammi um samstarf við Reykjavíkurborg
 - Samkeppnislýsing vegna skipulags í grennd Árbæjarstíflu
 - Niðurlagningaráætlun OR vegna Rafstöðvarinnar I
 - Niðurlagningaráætlun OR vegna Rafstöðvarinnar II

Lífríkisrannsóknir OR 2021 og 2022

Fiskur

- 2021 var besta klakár á öldinni og fyrsta klak í Árbæjarkvísl um langt árabíll
- „Rannsóknarniðurstöður 2022 vitna um mikla velgengni laxins í Árbæjarkvísl í kjölfar þess að sá einkennisfiskur Elliðaáanna endurheimti gönguleið sína þar sem og hrygningar- og uppeldissvæði, í kjölfar þess að vatnsmiðlun fyrir tilstilli manngerðs Árbæjarlóns var aflögð.“

Fuglar

- Áhrif á vatnafuglalíf talin óveruleg
- Álftapar við Árbæjarstíflu kom upp unga eða ungum 2021 og 2022
- Mófuglum fjölgar í talningu Reykjavíkurborgar




Nýr „Íslandsmeistari í hrygningu“ í Árbæjarkvísl 2021



Laxatorfa í Árbæjarkvísl Elliðaáanna í sept. 2022


Skýrsla Verkís um Árbæjarstíflu

Er í verkfræðilegri rýni og skýrsla um byggingarsöguna væntanleg




Aðgerð	mkr.
Vistrennslisaðgerðir eru aðgerðir til að „fría“ rennsli ána hvort sem stíflan stendur áfram eða ekki, eða að hluta	27,49
Lagfæringar og viðhald næstu 50 ár með lítt breyttum mannvirkjum en til að tryggja öryggi fólks, fénaðar, eigna og umhverfis af mannvirkinu	638,99
Fjarlægja stíflu og í því tilvikinu er verið að tala um öll milljón tonn af steypu sem í henni eru, lokubúnað og það allt	242,89
Með 35% ófyrirséðu en skekkjumörk eru engu að síður +70% / -35%	

Spurningin um Árbæjarstíflu



Að opna út í Blásteinshólma?

Gildandi deiliskipulag



Mikilvæg fuglasvæði



Gagnstæðar lagakröfur og mismunandi sjónarmið um mikilvægi umhverfis og minja

Nýta elstu hluta Árbæjarstíflu sem undirstöðu nýrrar göngu- og hjólabrúar?



Takk fyrir



Tillaga Eyþórs Laxdal Arnalds og Kjartans Magnússonar

Lögð fram á fundi stjórnar OR þann 31. október 2022

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að brugðist verði við niðurstöðu úrskurðarnefndar um umhverfis- og auðlindamál án tafar þannig að Árbæjarlónið verði fyllt að nýju í samræmi við gildandi deiliskipulag.

Greinargerð:

Orkuveita Reykjavíkur tæmdi Árbæjarlón í október 2020 án þess að hafa til þess heimild. Lokur í Árbæjarstíflu voru opnaðar með þeim afleiðingum að lón sem hafði verið á svæðinu í að minnsta kosti heila öld hvarf með öllu. Í tvö ár hafa fjölmargir aðilar mótmælt þessari framkvæmd og hefur úrskurðarnefnd um umhverfis- og auðlindamál kveðið nú upp skýran úrskurð í málinu. Ljóst er að Orkuveitan hafði hvorki heimild eða framkvæmdaleyfi fyrir þessari framkvæmd. Það er því einboðið að lónið verði endurheimt.

Sjá: <https://uua.is/urleits/24-2022-arbaejarstifla/>

Orkuveitu Reykjavíkur ber að fara að lögum í þessu máli, en auk þess er rétt að styðjast við eigendastefnu OR en þar segir meðal annars:

„Orkuveita Reykjavíkur kemur fram af heilindum og trausti og rækir samfélagslega ábyrgð í starfsemi sinni. Fyrirtækið ber hag samfélagsins fyrir brjósti og umgengst náttúruna, auðlindir og viðskiptavinum af virðingu.“